


Bliki

1

MAI 1983

TÍMARIT UM FUGLA



BLIKI er gefinn út af dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í samvinnu við áhugamenn um fugla og Fuglaverndarfélag Íslands. Birtar verða greinar eða skýrslur um íslenska fugla, svo og smærri pistlar um ýmislegt er þeim viðkemur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti verður verðlagt sérstaklega og innheimt með gíróseðli. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fengið ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Ævar Petersen (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson og Kjartan Magnússon.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Laugavegi 105, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími (91)-29822.

Greinar, sem óskast birtar, sendist formanni á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust.

BLIKI is published by the Icelandic Museum of Natural History, department of zoology, in cooperation with bird observers and the Icelandic Society for the Protection of Birds. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of shorter or longer papers, as well as reports. The main text will be in Icelandic, but summaries in English will be provided.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there are no subscriptions. Those wishing to receive the bulletin, will be put on the mailing list.

The editorial board comprises of: Ævar Petersen (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, and Kjartan Magnússon.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Museum of Natural History, PO Box 5320, 125 Reykjavik, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Fylgt úr hlaði

Þetta rit er vísir að nýju tímariti. Það er fyrsta fræðilega ritið á Íslandi sem fjallar sérstaklega um fugla og fuglalíf. Árið 1957 var hreyft við hugmynd um fuglarit, en framkvæmdina dagaði uppi.

Reynt verður að hafa lesefnið sem fjölbreytilegast. Vonast er til að sem flestir fuglaáhugamenn og fræðimenn muni leggja ritinu til efni.

Aðallega verður sóst eftir að koma á framfæri nýjum upplýsingum um íslenska fugla. Þær geta verið margvíslegar. Fyrst má nefna árlegar skýrslur um ákveðna þætti fuglaathugana, til dæmis skýrslur um sjaldgæfa fugla, eins og þá sem birtist í þessu hefti. Einnig niðurstöður fuglatalninga sem fara fram árlega milli jóla og nýárs. Þá er fyrirhugað að birta árangur fuglamerkinga. Þær hafa verið stundaðar á Íslandi síðustu 60 ár en lítið birt um þær síðan 1952.

Sem dæmi um annað efni má nefna samantektir um fuglalíf ákveðinna staða og nýjar upplýsingar um varpútbreiðslu fugla. Ritinu er ætlað að vera vettvangur athugana frá stöðum sem lítt eru kannaðir með tilliti til fugla. Stuttar heimsóknir til þannig staða gefa sjaldnast tilefni til langrar umfjöllunar. Árangur slíkra heimsóknna kann þó að hafa talsvert gildi, ef aðrar og nákvæmari upplýsingar eru ekki til.

Stytttri eða lengri greinar um ýmsar fuglanýjungar verða meðal efnis. Þær geta fjallað um niðurstöður rannsókna, um sjaldgæfar eða nýjar fuglategundir, og birtast nokkrar slíkar greinar í þessu hefti.

Einnig verður lögð áhersla á stuttar en áhugaverðar fregnir af ýmsu tagi um fugla. Ráðgert er að Fuglaverndarfélag Íslands skýri frá starfsemi sinni. Reynt verður að myndskreyta ritið eftir því sem kostur er, og er því leitað eftir góðu samstarfi við fuglaljósmyndara.

Það er ekki ætlun aðstandenda rit-sins, að það verði keppinautur NÁTT-ÚRUFRÆÐINGSINS. BLIKI er sprottinn upp af þörf sem NÁTTÚRU-FRÆÐINGURINN getur ekki sinnt nema að hluta. Árlegar skýrslur eru til dæmis ekki þess eðlis, að þær eigi heima þar.

Fyrst um sinn er ekki búist við því, að ritið komi út reglulega, þó a.m.k. einu sinni á ári. Útkoma þess mun ráðast af efni og fjárhag.

Reynt verður að láta ritið vera fjárhagslega sjálfstætt. Grundvöllur þess er óeigingjarnt starf áhugamanna. Þá hefur Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h.f. veitt aðstöðu til tölvuvinnslu endurgjaldslaust. Vil ég færa Lofti Þorsteinssyni f.h. VST bestu þakkir fyrir. Þannig hefur verið unnt að tölvusetja texta ritsins að miklu leyti án beinna fjárútláta og spara með því móti setningarkostnað.

Engu að síður er kostnaður allnokkur. Því er leitað til þeirra sem áhuga kunna að hafa á ritinu um hjálp til að standa straum af beinum útgjöldum. Þar eð ritið mun að líkindum koma út óreglulega, verður ekki um bein ársgjöld að ræða, heldur greitt fyrir hvert einstakt hefti við útgáfu. Þeir sem hafa áhuga á að fá ritið sent, er boðið að vera á útsendingarlista.

Þetta fyrsta hefti BLIKA er árangur samstarfs, og hefur hugmyndin verið smám saman að þróast sl. 3 ár. Áframhaldið ræðst af undirtektum. Áhugi á fuglum leynist víða, og kemur fram í mismunandi myndum. Ritnefndin er því bjartsýn á að undirtektir verði góðar og ritið hljóti þann meðbyr sem til þarf.

Ævar Petersen

Fuglalíf í Hvannalindum

Einn afskekktasti staðurinn á miðhálandi Íslands er Hvannalindir norðan Vatnajökuls. Þær liggja sunnarlega í Krepputungu, gróðurvana hraun- og sandflæmi milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu (1.mynd). Hvannalindir urðu fyrst kunnar byggðamönnum árið 1834. Útilegumenn héldu þar til kringum 1770, en kofar þeirra fundust þó ekki fyrr en 1880. Lengi fram eftir var fáferðugt um þessar slóðir. Þetta breyttist um 1970 þegar Kreppa var brúuð og skáli reistur í Kverkfjöllum. Flestir sem fara um Krepputungu eru á leið í Kverkfjöll og staldra stutt við í Hvannalindum. Lindirnar voru friðlýstar í ársbyrjun 1973, og var það m.a. gert til að koma í veg fyrir náttúruspjöll í kjölfar aukinnar umferðar.

Hvannalindir hafa nokkra sérstöðu meðal íslenskra hálendisvinja. Langt er í næstu samfelld gróðurlendi, og einangrunin gerir það að verkum að sauðfé slæðist þangað afar sjaldan. Hreindýr sjást stöku sinnum, svo og tófur, en engin greni eru þekkt í Krepputungu.


Meginhluti Hvannalinda liggur í 640 m hæð, en tjarnir syðst í þeim og Kreppuhagar vestari eru í 675-710 m hæð. Gróð land er talið vera 3 ferkílómetrar og er það nær einskórðað við blábakka tjarna, linda og kvísla, svo og norðurjaðar Lindahrauns. Vatnsskortur er landlægur á þessum slóðum og sandfoks gætir mikið. Algengasta gróðurlendið er víðfljesjur, og hvannir eru hvarvetna með uppsprettum og lækjum. Mýrar og hálfdeigjur koma fyrir sem smákragar með vatnsbökkum, en tjarnir eru eina votlendið sem eitthvað kveður að (Kristbjörn Egilsson, munnl. uppl.). Nokkrar smátjarnir eru við upptök Vesturkvíslar og við norðurjaðar Linda-

hrauns, en þær stærstu nálægt upptökum Lindakvíslar, 3-5 km sunnan við hinar eiginlegu Hvannalindir. Þessar suður-tjarnir hafa verið nafnlausar til skamms tíma. Völundur Jóhannesson nefnir þá minnstu Kringlu (um 1 ha), en hinar Krikatjörn (um 5 ha) og Löngutjörn (um 10 ha). Þær eru höfuðstöðvar flestra varpfugla í Hvannalindum, annarra en heiðagæsa.

Rannsóknir á fuglalífi

Í ritum ferðalanga sem lagt hafa leið sína í Hvannalindir er sums staðar að finna glefsur um fuglalíf. Fjórir þingeyingar, undir forystu Jóns Stefánssonar ("landleitarmenn") komu þangað um miðjan ágúst 1880. Danski heimskaufarinn J.P. Koch leit við í Hvannalindum í júní 1912, og þýski jarðfræðingurinn Trautz um mánaðamót ágúst-september sama ár. Á þessum frásögnum er lítið að græða um fugla, og á það reyndar við um flestar ferðarollur af miðhálandinu.

Fyrstir til að rannsaka lífríki Hvannalinda voru stúdentar frá Cambridgeháskóla í Englandi. Þeir komu sunnan yfir Vatnajökul sumarið 1932 og dvöldu aðallega í Kverkfjöllum. Tveir þeirra, Roberts og Falk, skoðuðu Hvannalindir 17.-21. júlí. Roberts var fuglafræðingur og reit prýðilega grein um athuganir sínar. Falk hugaði aðallega að plöntum og skrifaði jafnframt yfirlitsgrein um rannsóknirnar, ásamt dýrafræðingnum Anderson. Í nokkrum tilvikum ber þeim félögum ekki saman um fjölda fugla o.fl., og hef ég þá snúist á sveif með Roberts. Árið eftir komu Cambridgestudentanna ferðuðust Magnús Björnsson, Pálmi Hannesson o.fl. til Hvannalinda og dvöldu þar 1.-10. ágúst 1933. Pálmi getur fugla í frásögn sinni af ferðalaginu,



1. mynd. Hvannalindir.
Sum örnefnin eru óstaðfest.

og lítið eitt fyllri upplýsingar eru í dagbók Magnúsar.

Eftir 1973 hafa félagar í Ferðafélagi Austurlands, undir forystu Völundar Jóhannessonar, farið á hverju vori í Hvannalindir, m.a. til athugana á fuglalífi. Hinn 5.-6. júní 1981 fórum við Páll Leifsson og Skarphéðinn Þórisson með í eina slíka ferð, og var þá tækifærið notað til að kanna fuglalífið ítarlegar en gert hafði verið áður.

Í ágústbyrjun 1980 hélt leiðangur Náttúrugripasafnsins í Neskaupsstað til í Hvannalindum, og hafa þeir Erling Ólafsson og Kristbjörn Egilsson lánað mér athuganir sínar úr þeirri ferð. Breskur skólaleiðangur dvaldi í Hvanna-

lindum frá því um 20. júlí fram til 15. ágúst 1981. Í skýrslu sem gefin var út um leiðangurinn ber víða á ónákvæmni og jafnvel klárum vitleysum, en það sem sagt er um fuglalíf Hvannalinda virðist nokkuð trúverðugt (Tollitt 1982).

Öllum þeim sem lagt hafa til gögn í þessa grein eru hér með færðar bestu þakkir.

Tegundaskrá

Fýll *Fulmarus glacialis*. Hinn 8. ágúst 1980 sást einn á flugi yfir Kreppuhrygg. Fýlar slæðast öðru hvoru upp í hálendið og sáust t. d. þetta sumar á Vestur-öræfum og upp af Hrafnkelsdal.



2.mynd. Úr Hvannalindum. Horft yfir norðurjaðar Lindahrauns frá Kreppuhrygg í átt til Lindafjalla og Dyngjufjalla. Ljós- Kristbjörn Egilsson.

Álft *Cygnus cygnus*. Stakir fuglar eða pör eru nær árviss í Hvannalindum, en sumarið 1974 sáust þó tvenn hjón. Álftirnar dvelja oft sumarlangt og halda sig einkum á tjörnunum syðst í lindunum. Aðalgróðurinn í þeim er lónasóley *Ranunculus trichophyllus*, og var hún aðal-fæða álftar sem skotin var á Krikatjörn sumarið 1932. Álftir hafa orpið tvisvar í Hvannalindum svo kunnugt sé: Hinn 26. júlí 1941 komu Ólafur Jónsson o.fl. að álft með tvo unga á Löngutjörn, og 6. júní 1981 fannst hreiður á sama stað með 4 eggjum. Þessi álf-tardyngja var á hraunstalli skammt frá vatninu, gerð úr mosa og víði, og aðeins 10 cm há. Seinna sama sumar sáust álftirnar með tvo unga.

Heiðagæs *Anser brachyrhynchus*. Heiðagæsinn er nú langalgengasti varpfuglinn í Hvannalindum (184 hreiður 1981), og hefur henni fjölgað mikið eftir 1975. Þeir

sem bjuggu þar um 1770 hafa lagt gæsir, álftir og rjúpur sér til munns, því talsvert af beinum þessara tegunda fannst í rústunum (Kristján Eldjárn 1941). Öruggar heimildir um gæsavarp í Hvannalindum eru hins vegar ekki eldri en frá 1912. Hinn 18. júní þ.á. fann Koch (1912) ótiltekinn fjölda af gæsum verpandi (bls. 259: "Gæssene ruger langs Vandløbene") og jafnframt tvö "grágæsar" hreiður við Svartá sunnan Vaðöldu.

Cambridgestudentarnir leituðu sérstaklega að ummerkjum eftir heiðagæsir í júlí 1932, en fundu aðeins fjaðrir og gamlan skít. Í ágústbyrjun 1933 rakst Magnús Björnsson á um 30 heiðagæsir (bls. 102: "illar fleygar mæður með allt að því fleyga unga") og náði pari og fimm ungum. Þá fann Philip Beckett verpandi heiðagæsir í Hvannalindum árið 1948 (Scott og Fisher 1953).


Óbeinar heimildir um gæsavarp á þessum slóðum eru gæsaþópar sem sést

hafa miðsumars í Grágæsadál, skammt austan við Hvannalindir. Vegna takmarkaðra beutilanda fara heiðagæsir fljótlega með unga sína úr lindunum og dreifast austur fyrir Kreppu. Hinn 6. júlí 1840 var mikið af gæsarungum í Grágæsadál sem orðnir voru miður sín af kulda og hungri eftir undangengið hret (Schyt-he 1841). Þar sáust einnig um 200 gæsir 30. júlí 1933 (Pálmi Hannesson 1950).

Upp úr 1970 fékkst fyrst sæmileg þekking á gæsavarpinu í Hvannalindum, t.d. urpu þar árið 1973 nokkrir tugir para. Frá og með 1975 hafa Völundur Jóhannesson og félagar talið hreiður á svæðinu milli upptaka Vesturkvíslar að kofarústum við Lindakvísl og allt norður til kvíslamóta. Athuganir hafa farið fram á tímabilinu 29. maí - 24. júní, oftast í fyrstu viku júní. Öll hreiður eru talin, einnig þau sem ungar hafa klakist úr. Árin 1975 og 1976 reyndust hreiðrin á

þessu svæði vera um 60, 1978 : 88, 1979 : 93, 1980 : 132, 1981 : 125 og 1982 : um 125. Fjöldi varppara tvöfaldaðist því frá 1976 til 1980, en virðist nú vera stöðugur. Þessi öra fjölgun bendir eindregið til þess að heiðagæsir hafi leitað í Hvannalindir annars staðar frá. Á það raunar við um fleiri heiðagæsabyggðir á norð-austurlandi sem verið hafa í örum vexti á síðari árum.

Hinn 6. júní 1981 voru hreiður talin í öllum Hvannalindum. Farið var með kvíslum frá upptökum að Lindaárósi, suðurtjörnum og í Kreppuhaga vestari. Alls fundust 184 hreiður, þar af 125 á talningarsvæði Völundar, en 59 annars staðar (46 með kvíslum, 5 við suðurtjarnir og 8 í Kreppuhögum). Auk þess sáust um 40 geldgæsir. Einhver dreif af heiðagæs verpur annars staðar í Krepputungu, t.d. við Jökulsá á Fjöllum gegnt Svartárósum. Þar fundust tvær hreiður-



3.mynd. Heiðagæs setur mestan svip á fuglalífið í Hvannalindum. Ljós. Erling Ólafsson.

skálar í ágúst 1980, en um varpið við Svartá eru að öðru leyti ekki neinar upplýsingar. Um 20. júní, líklega 1971, sá Guttormur Sigbjarnarson, jarðfræðingur, gæsir með unga á söndunum á móts við Svartá, og stefndu þær á Hvannalindir.

Meðaleggjafjöldi í hreiðri 6. júní 1981 var 3.9 (0-8). Alls höfðu ellefu hreiður verið rænd öllum eggjum (6%), og kvenfuglinn drepinn á einu þeirra. Þar hafði tófa auðsjáanlega verið að verki, og nýlegar tófuslóðir og snoð saúst víða. Annars var eggjafjöldi í 116 hreiðrum sem hér segir: 1 egg : 2 hreiður, 2 egg : 6 hreiður, 3 egg : 18 hreiður, 4 egg : 32 hreiður, 5 egg : 35 hreiður, 6 egg : 10 hreiður, 7 egg : 3 hreiður, 8 egg : 1 hreiður.

Aldur hreiðra var metinn á sama hátt og í Þjórsárverum (Jón B. Sigurðsson 1974). Heiðagæsir verpa í sömu hreiðrin ár eftir ár og gróa því barmar þeirra og nánasta umhverfi smám saman upp vegna þess áburðar sem gæsirnar skilja eftir sig. Ný hreiður eru úr lausum efnum, en grastegundir o.fl. plöntur ná fljótlega að skjóta rótum á hreiðurbörmunum. Vegna þess hve gróðurfar er einhæft í Hvannalindum voru hreiðrin aðeins flokkuð í ný (engin ræktun), nýleg og gömul (vel grónir hreiðurbarmar). Um þriðjungur voru gömul og gróin hreiður, tæplega helmingur nýlegur og fjórðungur nýr. Þetta kemur vel heim við aukninguna í varpinu á síðari árum. Hlutfall nýrra og nýlegra hreiðurstæða (70%) er mun herra í Hvannalindum en í Grafarlöndum (42%) (Árni Einarsson 1980) þar sem heiðagæs hefur fjölgað mikið eftir 1960. Þessir munur kann að stafa af betri gróðurskilyrðum í Grafarlöndum sem stuðla að örari uppgræðslu á hreiðurbörmum, fremur en fjölgunar hafi farið að gæta síðar í Hvannalindum.

Urtönd *Anas crecca*. Steggur sást við Lindakvísl, skammt sunnan við Kreppuhrygg, 6. júní 1981.

Grafönd *Anas acuta*. Einn steggur var á Löngutjörn 6. júní 1981. Þá telja breskir skóladrengir sig hafa séð 6 á suðurtjörnunum 9. ágúst sama ár og aftur á flugi fjórum dögum síðar.

Skúfönd *Aythya fuligula*. Stakir steggir á Löngutjörn og Krikatjörn 6. júní 1981.

Duggönd *Aythya marila*. Tveir steggir sáust á suðurtjörnnum hinn 9. ágúst 1981.

Hávella *Clangula hyemalis* er algengasta öndin í Hvannalindum, og verpa þar nokkur pör á hverju ári. Auk þess er slangur af hávellum sem virðast vera geldfuglar, sérstalega á Kringlu. Þar sáust 14 fuglar 2. ágúst 1933, og svipaður fjöldi hefur verið þar á hverju sumri frá því um 1970. Hinn 17. júlí 1932 sáust 9 fullorðnir fuglar (þar af 3 pör) og 13 nýklaktir ungar á Löngutjörn. Þá var kolla með 2 unga á Krikatjörn 6. ágúst 1980. Hávellur eru mun sjaldgæfari norðar í lindunum. Eitt til tvö pör hafa þó sést þar árlega frá 1973, og tvö hreiður fundust skammt frá kofunum um miðjan júlí laust fyrir 1970. Hinn 6. júní 1981 sáust alls 39 hávellur í Hvannalindum (14 karlf., 11 kvenf. og 14 ógr.). Flestar voru á suðurtjörnnum (35), en tvö pör sáust á kvíslunum. Í fyrrihluta ágúst sama ár voru um 35 fuglar á suðurtjörnnum, aðallega kvenfuglar og ungfuglar.

Straumönd *Histrionicus histrionicus* hefur aðeins sést einu sinni: tveir steggir á Löngutjörn 21. júlí 1932.

Fiskiönd *Mergus serrator/merganser*. Þar sem erfitt er að greina sundur kollur og unga gulandar og toppandar verður að taka eftirfarandi upplýsingar með fyrirvara. Hinn 1. ágúst 1933 segist Pálmi Hannesson (1950) hafa gengið "fram á fiskiönd (*Mergus serrator*) með þrjá unga" á leiðinni frá suðurtjörnnum að Lindakeili. Einhvern tíma kringum 1970



4.mynd. Rjúpur eru sjaldgæfir varpfuglar í Hvannalindum. Ljós. Erling Ólafsson.

fannst dauður fiskiandarungi í Hvannalindum, og sumarið 1974 er talið að toppandarpar hafi sést þar.

Rjúpa *Lagopus mutus* er sjaldgæfur varpfugl í lindunum. Stöku pör hafa sést svo til árlega á vorin eftir 1970. Í yfirreisu okkar í júníbyrjun 1981 fannst aðeins eitt par, í hraunjaðrinum skammt frá kofunum. Hinn 6. ágúst 1980 sást kvenfugl með 2 unga suðvestur af Kreppuhrygg. Rjúpur voru einnig mjög sjaldgæfar í Hvannalindum 1932, enda var stofninn þá í lágmarki (Finnur Guðmundsson 1960). Cambrigestúdentarnir sáu eitt par 17. júlí og fundu hreiður þar sem 3 ungar höfðu nýlega klakist. Þær voru hins vegar mjög algengar í ágúst 1880, en það ár var stofninn líka í hámarki.

Sandlóa *Charadrius hiaticula* er líkast til aðeins umferðarfugl í Hvannalindum, á vorin og síðsumars. Stakir fuglar sáust 29. maí 1975 og 24. júní 1979. Hinn 9. ágúst 1980 var ein við Lindaárósa og tvær sama dag aðeins ofar við ána. Staki fuglinn hegðaði sér líkt og hann væri með unga, en hæpið er að leggja mikið upp úr slíku atferli þar sem þessi tegund er kunn fyrir slíka framkomu á ferðum sínum víðs fjarri varpstöðvum. Loks má geta þess að fjórir fuglar sáust við Löngutjörn 6. júní 1981.

Heiðlóa *Pluvialis apricaria*. Stakir fuglar í júní 1978, 1979 og 1981. Í ágústbyrjun 1980 urðu menn varir við lóur á nokkrum stöðum, og 8. ágúst sáust fjórar alls, norðarlega í lindunum.

Spói *Numenius phaeopus*. Stakir fuglar 24. júní 1979 og 7. ágúst 1980.

Stelkur *Tringa totanus*. Einn 6. ágúst og þrír 14. ágúst 1981.

Lóuþræll *Calidris alpina* er sennilega aðeins fargestur í lindunum. Tveir saúst í þeim norðanverðum 15. júní 1975, 29. maí 1976 og 24. júní 1979. Hinn 7. ágúst 1980 sást einn á sömu slóðum, og 6. júní 1981 voru 17 við Löngutjörn og 2 við Krikatjörn. Sama ár saúst stakir fuglar 1.-7. ágúst, fjórir 9. ágúst og 27 hinn 10. ágúst.

Sendlingur *Calidris maritima* er árviss í Hvannalindum og líkast til verpa þar örfá pör. Í norðurhluta lindanna saúst 1-3 fuglar árlega í júní 1973-1981. Hinn 6. júní 1981 saúst auk þess 5 við Kringlu og 6 við Löngutjörn. Þrír fuglar saúst um 20. júlí 1932 og fleygur ungi 7. og 9. ágúst 1980. Frá því um 20. júlí fram til 15. ágúst 1981 saúst sendlingar nær daglega, og hinn 6. ágúst fundu breskir skólapiltar einn með unga.

[Spóatíta *Calidris ferruginea*. Bjarni Sæmundsson (1936) getur þess að Magnús Björnsson hafi séð ein hjón í sumar-búningi í Hvannalindum í ágústbyrjun 1933. Timmermann (1949) ræddi við Magnús um þetta tilvik og komst að raun um að greiningin var vafasöm. Í dagbók Magnúsar Björnssonar stendur:

"8/8 Hjer er við og við að flækjast í kringum tjöldin einkennilegur fugl á stærð við selning, höfum við allir sjeð hann, en ennþá hefir mjer ekki tekist að ná honum því hann er styggur. Er hann helst á ferð seint á kveldin eða snemma á morgnana og aðallega í rigningu, lætur þá einkennilega í honum, og ólíkt því sem á að vera um selning enda er það víst að það er ekki selningur. Jeg hefi ekki sjeð hann sjálfur svo nákvæmlega að jeg geti fullyrt hvaða teg. hann sje, en líkast er þetta *Erolia testacea* [spóatíta]. Vonandi tekst mjer að hafa hendur á honum. Við höfum allir heyrt til hans, en optast hefir Finnur málari Jónsson sjeð hann og eins Jensen mælingamaður."]

Óðinshani *Phalaropus lobatus* er algengasti vaðfuglinn í Hvannalindum, og verpa a.m.k. nokkur pör. Um 20. júlí 1932 voru alls 43 á svæðinu, flestir (31) á suðurtjörnunum. Einn til þrír fuglar saúst á hverju ári í júní 1973-1981 í norðurlindunum, og hreiður fundust 17. júní 1978 (4 egg) og 24. júní 1979. Hinn 6. júní 1981 saúst alls 8 á suðurtjörnunum og 15. ágúst sama ár voru a.m.k. tveir fuglar þar með unga auk allmargra annarra.

Þórshani *Phalaropus fulicarius*. Koch (1912) sem var í Hvannalindum 18. júní 1912 telur sig hafa séð nokkra þórshana en fullvíst má telja að hann rugli saman nöfnum á óðinshana og þórshana. Hið sama verður ekki sagt um Cambridge-stúdentana sem segjast hafa séð þrjá þórshana ásamt óðinshönum á Löngutjörn 17. júlí 1932. Það er nokkuð algengt að óðinshana sé ruglað saman við þórshana síðsumars þegar þessar tegundir eru farnar að skipta yfir í vetrarbúning. En frásögn englendinganna er að öðru leyti svo skilmerkileg að erfitt er að halda því fram að þeim hafi skeikað í greiningu þessara fugla. Þórshana hafa sést inn til landsins, t. d. í Þjórsárverum (Erling Ólafsson munnl. uppl.).

Skúmur *Stercorarius skua*. Stakir fuglar 24. júní 1979 og 2. ágúst 1981.

Kjói *Stercorarius parasiticus*. Einn til tveir fuglar hafa sést í júní á hverju ári frá 1973, en aldrei orpið svo vitað sé. Tveir saúst um 20. júlí 1932. Í byrjun ágúst verða þeir tíðari, t.d. saúst þrír til fjórir fuglar daglega 6.-8. ágúst 1980, og a.m.k. einn þeirra var ungi frá sumrinu. Árið eftir var ástandið svipað, og flugu kjóar hjá daglega 1.-15. ágúst, allt að 3 fuglar samtímis.

Svarbakur *Larus marinus* hefur sést stöku sinnum: Einn 13.-15. ágúst 1880,

einn 17. júlí 1932, ungur fugl 6. ágúst 1933 og tveir 6. júní 1981.

Sílamáfur *Larus fuscus*. Þrír fuglar 6. júní 1981 og stakir fuglar öðru hvoru 24. júlí - 13. ágúst 1981.

Hettumáfur *Larus ridibundus* er fremur óvæntur gestur svona langt inn til landsins. Ungur fugl sást við Krikatjörn 6. ágúst 1980 og nýleg rytja sem talin var vera af hettumáfi fannst sama dag við Lindaá, skammt neðan kvíslamóta.

Mariuerla *Motacilla alba* hefur aðeins sést í Hvannalindum um fartímann seinni part sumars. Í ágústbyrjun 1933 sáust allt að fjórir fuglar norðarlega í lindunum, og einn til þrír fuglar á ýmsum stöðum 6.-11. ágúst 1980, alls 5-10 einstaklingar.

Var einnig algeng fyrri hluta ágúst 1981, og sáust þá iðulega 6 fuglar samtímis.

Þúfútittlingur *Anthus pratensis* er sömu-leiðis aðeins fargestur síðsumars. Hann var mjög algengur í Hvannalindum í ágústbyrjun 1933. Hinn 6. ágúst 1980 sást einn við Lindakeili og þrír daginn eftir aðeins norðar. Í ágúst 1981 sáust þeir í smáhópum, flestir 15 (9. ágúst).

Steindepill *Oenanthe oenanthe*. Karlfugl sást við Lindakvísl 6. júní 1981 og einn fugl við kofana sama dag. Hefur annars aðeins sést síðsumars. Var algengur í ágústbyrjun 1933. Stakir fuglar sáust á dreif 6.-9. ágúst 1980 og svo til daglega í ágúst 1981, allt að 3 fuglar í einu.

Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis* er næstalgengasti varpfuglinn í Hvanna-



5.mynd. Snjótittlingar eru alltför varpfuglar í Hvannalindum, og verpa sums staðar í miklu nábýli. Ljós. Erling Ólafsson.

lindum. Þegar englendingarnir voru þar 17.-21. júlí 1932, áætluðu þeir fjölda fugla sem hér segir: við Löngutjörn 28 pör, við Krikatjörn 3 pör og 17 pör annars staðar. Fuglarnir virtust aðallega lifa á vorflugum (Trichoptera). Sums staðar þar sem nóg var af fæðu vantaði snjótittlinga alveg, og töldu þeir félagar það stafa af skorti á heppilegum hreiður-stæðum. Fjöldi varpfugla hefur ekki verið kannaður til neinnar hlítar hin seinni ár. Fimm pör voru talin meðfram Lindakvísl 6. júní 1981 (alls um 9 km) og seinna sama sumar áætluðu breskir skóladrengir að a.m.k. 10 pör yrpu í lindunum. Hreiður fundust við norður-jaðar Lindahrauns 15. júní 1975 og 24. júní 1979.

Hrafn *Corvus corax* er fremur sjaldgæfur gestur. Stakur fugl sást 15. júní 1975, tveir 7. júní 1980 og aftur 6. ágúst sama ár. Í júlí og ágúst 1981 voru allt að fjórir hrafnar viðloðandi á svæðinu.

Annað fuglalíf í Krepputungu.

Varla getur heitið að fuglar sjáist í Krepputungu utan Hvannalinda. Áður hefur verið getið um heiðagæsir sem verpa meðfram Jökulsá á Fjöllum. Snjótittlingar hafa sést í Kverkfjöllum í júlí og ágúst og við Kreppubrá í ágúst-byrjun, en óvíst er hvort þeir verpi þar. Nokkrar tegundir sem ekki hafa sést í Hvannalindum, fundust dauðar skammt þar frá. Cambridgestúdentarnir segjast hafa fundið hrossagauk *Gallinago gallinago* í júlí 1932 um 3 km norðan Kverkfjalla og 13. ágúst 1880 fundu land-leitarmenn að eigin sögn lítt skemmdan skrokk af ritu *Rissa tridactyla* við Kverkhnúkarana, skammt vestan Hvannalinda. Þá fann Einar Þórarinsson, jarðfræðingur, löngu dauðan grápröst *Turdus pilaris* við Rifnahnjúk sem er um 5 km norðvestur af lindunum, 7. ágúst 1980 (eintak á Náttúrufræðistofnun). Að endingu læt ég fljóta með til gamans athuganir sem Völundur Jóhannesson

gerði nyrst í Krepputungu, við ármót Kreppu og Jökulsár, 10. nóvember 1974. Á þessum stað sem er gegnt Herðubreiðarlindum sá hann 3 rjúpur, 2 hrafna og 2 músarrindla *Troglodytes troglodytes* við lækjarsytrur. Mér er til efs að síðast-nefnda tegundin hafi sést áður svo langt inn til landsins.

Lokaorð

Í Hvannalindum hafa sést a.m.k. 28 fuglategundir. Nokkur vafi leikur á greiningu einnar að auki, gulandar/toppandar. Sex eru árvissir varpfuglar: heiðagæs, hávella, rjúpa, sendlingur, óðins-hani og snjótittlingur. Tvær tegundir verpa öðru hvoru: álft og gulönd/toppönd. Hinar eru annað hvort reglulegir gestir (7) eða sjást aðeins stöku sinnum (14). Nokkrar þeirra (sandlóa, heiðlóa, lóupræll og kjói) sjást alloft og eru hugsanlegir varpfuglar.

Fuglalíf í Hvannalindum er fáskrúðugt samanborið við aðrar hálendisvinjar. Í Grafarlöndum (460 m hæð) og Arnardal (510 m) eru skilyrði að nokkru leyti sambærileg. Þar hafa sést álíka margar tegundir og nokkurn veginn þær sömu og í Hvannalindum, en mun fleiri (15-20) eru varpfuglar (Arnpór Garðars-son og Jón Baldur Sigurðsson 1957, Árni Einarsson 1980, KHS óbirt).

Fram á síðasta áratug voru Hvannalindir einangraðar og lítt kunnar. Þrátt fyrir að ferðum þangað hafi fjölgað til muna eru lindirnar að mestu leyti ósnortnar. Fuglalíf hefur ekki orðið fyrir teljandi truflunum, enda koma flestir í júlí og ágúst þegar viðkvæmar tegundir eins og heiðagæs hafa leitt út.

Hvannalindir eru friðland, en áætlanir eru um miðlunarlón í Kreppu sem færa mundi Fagradal á kaf og vatna upp undir lindirnar. Gert er ráð fyrir að vatnsborðið verði ekki hærra en svo að hvorki beinna né óbeinna (bakvatns) áhrifa muni gæta þar. Hvannalindir eru því ein af þeim fáu hálendisvinjum sem ekki er ráðgert að raska í náinni framtíð.

HEIMILDIR

- Anderson, F.V. & P. Falk 1935. Observation on the ecology of the central desert of Iceland. *J. Ecol.* 23: 406-421.
- Árni Einarsson 1980. Ferð í Grafarlönd 7.-8. júní 1980. Skýrsla til Náttúruverndarráðs.
- Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1957. Fuglar í Grafarlöndum, júní 1957. Handrit.
- Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. Reykjavík.
- Erling Ólafsson & Kristbjörn Egilsson. Dagbækur úr Hvannalindaferð 5.-11. ágúst 1980.
- Finnur Guðmundsson 1960. Some reflections on Ptarmigan cycles in Iceland. *Proc.Int. Orn. Congr.* 12: 259-265.
- Jakob Björnsson & Haukur Tómasson 1979. Umsögn Orkustofnunar um tvö fjölrít Náttúruverndarráðs "Fossar á Íslandi" og "Vatnavernd". Orkustofnun, Reykjavík. Fjölrít.
- Jón Stefánsson 1880. Könnuð fjöll. *Norðlingur* 5: 99-100, 102-104.
- Jón Baldur Sigurðsson 1974. Rannsóknir á varpháttum og afkomu heiðagæsar (*Anser brachyrhynchus*) í júní og júlí 1972. Orkustofnun, Reykjavík. Fjölrít.
- Koch, J.P. 1912. Den Danske Ekspedition til Dronning Louises Land og tværs over Nordgrønlands Indlandsis 1912-1913. Rejsen tværs over Island. Juni 1912. *Geogr. Tidskr.* 21: 257-264.
- Kristján Eldjárn 1941. Útilegumannakofarnir í Hvannalindum. *Lesbók Morgunblaðsins* 16: 305-309.
- Magnús Björnsson. Dagbók sumarið 1933.
- Ólafur Jónsson 1945. Ódádahraun, Akureyri.
- Pálmi Hannesson 1950. Á Brúaröræfum, bls. 22-62 í *Hrakningar og heiðarvegir* 2. bindi. Akureyri.
- Roberts, B. 1934. Notes on the birds of central and south-east Iceland, with special reference to food-habits. *Ibis* (13), 4: 239-264.
- Scott, P. & J. Fisher 1953. A thousand geese. London.
- Schythe, J.C. 1841. En Fjeldreise i Island i sommeren 1840. H. Krøyers Naturhistorisk Tidsskrift 3: 331-394. (Íslensk þýðing Jóns Eyþórssonar í *Hrakningar og heiðarvegir* 2. bindi. Akureyri.)
- Stjórnartíðindi B, nr. 32/1973. Auglýsing um friðland í Hvannalindum.
- Timmermann, G. 1949. Die Vögel Islands. Zweiter Teil. Reykjavík.

- Tollitt, B. 1982. Life science (birds), bls. 63-65 í I.Y. Ashwell (ritstj.) *The British Schools Exploring Society. Report 1981-1982.* London.
- Trautz, M. 1919. Am Nordrand des Vatnajökull im Hochland von Island. *Petermanns Mitteilungen* 65: 121-126.
- Völundur Jóhannesson. Skýrslur til Náttúruverndarráðs úr Hvannalindaferðum 1973-1982.

SUMMARY

The bird-life of Hvannalindir, Central-Iceland

Hvannalindir is an oasis 650 to 700 m a.s.l. in the highland desert just north of Vatnajökull (figs 1-2). A description is given by Anderson and Falk (1935). Ornithological notes were published by members of the Cambridge University Expedition in summer 1932 (op.cit., Roberts 1934). The area has been visited each spring since 1973. These observations form the basis of the present paper together with other visits.

A total of 28 species has been recorded from Hvannalindir, and four additional species in the immediate neighbourhood. Six of these are regular breeders: *Anser brachyrhynchus*, *Clangula hyemalis*, *Lagopus mutus*, *Calidris maritima*, *Phalaropus lobatus* and *Plectrophenax nivalis*. At least two species breed irregularly: *Cygnus cygnus* (recorded in 1941 and 1981) and *Mergus* sp. (*M.serrator* or *M.merganser*). The remaining species are either regular guests (7) or vagrants (14). Compared to similar places in the central highland the bird life of Hvannalindir is very poor.

Anser brachyrhynchus is by far most common species (184 nests in 1981). It has bred at Hvannalindir at least since 1912, probably much longer. Remains of geese have been found in ruins, thought to be the refuge of outlaws around 1770. The breeding population at Hvannalindir doubled between 1976 and 1980, but has since remained stable. The increase is explained by immigration. Other breeding species are represented by only a few pairs each, except *Plectrophenax nivalis* (tens of pairs). The Hvannalindir oasis and its surroundings was granted full legal protection in 1973.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Pósthólf 1254, 121 Reykjavík.

Óvenjuleg brandugluganga

Brandugla *Asio flammeus* er varpfugl á Íslandi, eina uglutegundin sem verpur hér reglulega. Snæugla *Nyctea scandiaca* varp einnig hérlendis til skamms tíma, en hreiður hennar hefur ekki fundist seinasta aldarfjórðung, svo vitað sé.

Brandugla er fremur nýr landnemi meðal íslenskra fugla, fyrsta hreiðrið er talið hafa fundist árið 1912, í Vettleifsholtshverfi í Holtum á Suðurlandi (Finnur Guðmundsson 1951). Tegundarinnar fór þó ekki að gæta að ráði sem varpfugls fyrr en á áratugnum 1920-30 (Bjarni Sæmundsson 1929, 1934a, 1934b, Finnur Guðmundsson 1964). Timmermann (1938) rekur að nokkru útbreiðslusögu branduglu hér á landi fyrstu áratugina (bls. 147-149).

Nú á tímum eru branduglur varpfuglar á láglendi um land allt. Viðast verpa þær strjált, eru algengastar í Borgarfirði vestra, í Eyjafirði og Pingeyjarsýslum. Þó er langt frá því, að varpútbreiðslan sé nægilega vel þekkt. Því eru allar ábendingar og upplýsingar, sem lesendur geta veitt, þegnar með þökkum.

Branduglur voru þekktar sem flækningar á Íslandi, áður en þær fundust með hreiður (Hantzsch 1905). Sami höfundur getur þess einnig, að branduglur hafi líklega orpið hér við og við, þótt hreiður hafi ekki fundist.

Það sem helst skiptir máli með tilliti til þessarar greinar, er það, að branduglur flæktust hingað til lands, áður en reglubundið varp hófst. Má álykta út frá því, að slíkt flakk eigi sér stað enn í dag, þótt engin brandugla, merkt erlendis, hafi náðst hér á landi. Erlendar branduglur þekkjast á annan hátt ekki frá þeim íslensku, þar eð litur og önnur útlitseinkenni eru svipuð.

Haustið 1982 bar svo við, að hér varð

vart óvenjulegrar branduglugöngu. Allar aðstæður voru þannig, að vart verður véfengt, að um erlendar branduglur var að ræða, eins og nánar skal greint frá.

Branduglur haustið 1982


Á hverju ári berast Náttúrufræðistofnun Íslands tilkynningar um branduglur. Stundum er um að ræða stakar uglur, sem menn hafa séð, en í fáein skipti á ári er komið með uglur sem hafa fundist dauðar, eða hafa særst við að fljúga á.

Haustið 1982 brá hins vegar svo við, að stofnuninni bárust margar tilkynningar um branduglur á stuttum tíma. Fljótlega varð ljóst, að eitthvað sérstakt átti sér stað.

Framan af haustinu bárust engar fregnir af uglum frá almenningi, sem í sjálfu sér var ekkert nýstárlegt. Fyrsta fregnin kom 15. október, er brandugla settist á bát frá Vopnafirði, á rúmsjó suðaustur af Langanesi. Þetta atvik vakti eitt sér ekki neina sérstaka athygli, þar eð alltaf má búast við stökum fuglum á skipum úti á hafi.

Næstu 10-12 daga bárust fréttir um branduglur víða að, og kom á óvart hversu margar settust á skip undan landinu. Það eitt benti til óvanalegrar hegðunar, hafi verið um íslenska fugla að ræða.

Frá þessu tímabili er vitað um 25-30 branduglar sem annað hvort settust á skip í grennd við landið, flestar illa haldnar, eða fundust aðframkomnar eða dauðar við sjávarsíðuna. Fjölmíðlar birtu fréttir af uglunum (sbr. Vestfirska fréttablaðið 21. okt., Morgunblaðið 29. okt.), og var það til þess, að einnig var tilkynnt um uglar ofan af landi. Í þeim tilvikum var undantekningalaust um að



1. mynd. Branduglur sem sáust á tímabilinu 15. október - 5. nóvember 1982. Stóru deplarnir eru fuglar sem náðust á hafi úti, eða við sjávarsíðuna, flestir illa haldnir eða dauðir. Fjöldi fugla sem sást er cinnig gefinn. Þessar uglur eru taldar erlendar að uppruna. Litlu deplarnir ciga við fugla sem sáust á sama tímabili, allir vel á sig komnir að því er virtist. Búast má við að flestir þeirra séu íslenskir. — Location at which Short-eared Owls were recorded during the period October 15 - November 5 1982. The large dots indicate birds recorded on ships at sea, or on coast, most of them in poor condition or dead. The numbers of birds are also given. These birds are thought to be of European origin. The small dots indicate owls recorded during same time period, all in apparent good condition. Most of those birds were thought to be Icelandic in origin.

ræða fugla sem ekkert virtist athugavert við. Mestar líkur eru á, að þær uglur hafi verið íslenskar.

Á 1. mynd eru sýndar allar athuganir á branduglum sem vitað er um á tímabilinu 15. október til 5. nóvember. Uglur sem sáust á skipum, eða fundust illa haldnar eða dauðar við sjávarsíðuna, eru taldar erlendar að uppruna. Á myndinni er gerður greinarmunur á þeim og uglum sem eru álitnar íslenskar.

Flestar "erlendu" uglurnar sáust við austan- og sunnanvert landið, en síðar við norðaustanvert landið og undan Vestfjörðum og Breiðafirði. Áhugavert er, hversu margar uglur sáust á Rífs-

banka undan Melrakkasléttu. Þarna voru 15-20 skip að veiðum, og sáust branduglur á flestum þeirra. Margar sáust samtímis á mismunandi skipum, en ekki er unnt að útiloka, að einhverjar hafi flogið á milli skipa. Að sögn Sölva Jónssonar, Húsavík, voru þessar uglur aðalurmæðuefni skipstjóranna í talstöðvunum um tíma.

Sjö þessara brandugla voru sendar til Náttúrufræðistofnunar, þar af fimm lifandi. Þær voru allar áberandi rýrar, þrjár vögu 208, 227 og 242,5 grömm. Karlfluglar brandugla eru að jafnaði 339 grömm. (230-427) en kvenfluglar 419 grömm (350-505) (Hagen 1952). Þetta

bendir eindregið til þess, að uglurnar hafi verið langt að komnar og hafi notað mikinn hluta orkuforða síns.

Eina af uglunum fimm sem bárust stofnuninni lifandi, varð að svæfa, þar eð hún fékk jafnvægistruflanir. Hinar voru hafðar í haldi um mislangan tíma en síðar sleppt eftir merkingu. Einni var sleppt í trjálundinum við Háa-Bjalla á Vatnsleysuströnd, hinum í Öskjuhlíð í Reykjavík.

Hvaðan komu uglurnar?

Ýmislegt gefur til kynna, hvaðan þessar branduglur komu. Fyrst verður þó að útiloka, að þær hafi verið íslenskar. Slíkt verður aldrei fullsannað, en allt bendir til þess að um fugla af skandinavískum uppruna hafi verið að ræða.

Haustið er sá árstími, þegar flækingsfuglar, þ.e. fuglar sem verpa ekki hérlandis, sjást einkum á Íslandi. Helsti flækingatíminn er september fram í nóvember. Framan af haustinu 1982, varð óvenjufarra flækingsfugla vart hér. Um miðjan október brá svo við, að þeir fóru að sjást mjög víða og margir. Þetta var á sama tíma og fyrstu branduglurnar fóru að sjást. Þessir flækingsfuglar voru evrópskir að uppruna, fuglar sem voru í farflugi suður á bóginn til vetrarheimkynna en hróktust af leið. Þar sem hér var ekki um íslenskar varptegundir að ræða, var unnt að segja með vissu, að þeir hafi komið frá Evrópu.

Þegar svo var komið, leitaði ég eftir upplýsingum frá Færeyjum. Fékk ég þær fregnir, að þar hefðu sést óvenjumargar branduglur seinni hluta október, eða á sama tíma og hér. Hér á eftir fer þýðing úr bréfi Jens-Kjeld Jensen (dags. 16.12.1982) en hann býr á Nólseyju í Færeyjum:

"Branduglur sjást næstum því á hverju vori (apríl, maí), og svo aftur í október og nóvember. Einstaka sinnum kemur fyrir að þær dvelja sumarlengt, en aðeins stakir fuglar. Ég hef aldrei séð eða heyrt um brandugluhreiddur í Færeyjum. [Joensen (1966)



2. mynd. Brandugla. Ljós. Ævar Petersen.

segir branduglu mjög sjaldgæfan fargest í Færeyjum.] Þeir fuglar sem koma hingað á haustin og halda ekki lengra, drepast úr sulti, þar eð hér er engi fæða að fá fyrir þá. Ég hef aldrei fengið merktu branduglu í hendurnar. Venjulega fæ ég eina eða tvær til uppstoppunar á ári, sum árin engi. Nú í ár [1982] hafa sést óvenjulega margar. Það byrjaði 21. október, en þá sáu margar hér á Nólseyju. Daginn eftir voru branduglur um allt. Þær héldu einkum til í þeim fáu kartöflugörðum sem enn var ekki búið að taka upp úr. Átta í hóp voru fældar upp 28. október. Sá þær um 10 manns sem voru í smalamennsku. Þær sem ég sá sjálfur, sátu yfirleitt saman (ein-þrjár), á norðurenda Nólseyjar. Tvær fékk ég í hendurnar 22. október. Önnur hafði vængbrotnað, hin ólöglega skotin. Þær voru báðar í góðum holdum. Á Kolti sáu tvær 26. október og náðist önnur þeirra, sem er einn þá í haldi. Er mikið af henni dregið. Í nóvemberbyrjun fékk ég tvær branduglur sem höfðu fundist dauðar, mjög horaðar. Um sama leyti náðist fullorðinn kvenfugl á skipi á hafinu milli Færeyja og Íslands. Sú var í góðu ástandi, en lítið hauskúpabrot leiddi hana til dauða. Á sama

tíma náðist ein ugla norður af Færeyjum, en ég hef ekki séð hana enn. Sú drapst eftir 2 daga um borð í báti."

Lýsing Jensens er mjög í samræmi við það sem gerðist hér við land, nema þar byrjuðu uglurnar að sjást ívið seinna en við Ísland. Það er einnig sá munur á, að branduglur sem sjást í Færeyjum, eru örugglega erlendar. Á Íslandi er þetta erfiðar viðfangs, þar eð tegundin verpur hér og branduglur dveljast í landinu allan veturinn.

Um svipað leyti og brandugla fór að verða vart við Ísland, varð vart við flækingsfugla í stórum stíl á May-eyju undan norðausturströnd Skotlands. Var áætlað, að um 15000 hrakningsfuglar hafi verið í eyjunni þann 11. október, og 13. s.m. var sérdeilis mikið af branduglum (Carrier 1983). Þessi eyja er aðeins um hálfur ferkílómetri að flatarmáli. Það er greinilegt, að áhrif branduglugöngunnar sem varð vart við Ísland, gætti einnig í Færeyjum og á May-eyju.

Veðurfar var allóvenjulegt um þessar mundir. Austan, suð- eða norðaustanátt ríkti marga daga í röð. Þetta veðurlag var cinkum áberandi vikuna 10.-16. október, en um helgina 16.-17. október var krökkt flækingsfugla á mörgum stöðum á Íslandi. Var það veruleg breyting frá því sem verið hafði helgina áður.

Þannig er líklegt, að hin stöðuga austanátt hafi haft mikið að segja í sambandi við þessa branduglukomur. En sá fjöldi fugla sem þannig hrekst af leið, er einnig háður ýmsum öðrum þáttum en veðri.

Branduglan er farfugl á Norðurlöndum og leitar suður á bóginn er hausta tekur (Hagen 1952, Gerber 1960). Samkvæmt athugunum á eyjunni Helgoland í Norðursjó, fara branduglur þar um einkum á tímabilinu september-nóvember. Hámark fartímans er einmitt fyrri hluti október (Schmidt & Vauk 1981) og fleiri branduglur á ferðinni en á öðrum tímum haustsins.

Þetta skýrir þó ekki að fullu allar þær branduglur sem sáust hér við land, og því leitaði ég nánari upplýsinga um branduglur á Norðurlöndum. Í bréfi frá Sören Svensson (dags. 9.3.1983) segir:

"...1982 var eitt hið besta varpár á stórum svæðum í norðurhluta Svíþjóðar. Sjálfur sá ég branduglur í næstum hverri mýri í Lapplandi og fann mörg pör með unga. Tölulegar upplýsingar eru því miður fáar, þar eð rannsóknir mínar á sveiflum í fuglastofnum milli ára, eru enn ekki fullmótaðar. Að auki hef ég fáa athuganamenn á mínum snærum í N-Svíþjóð. En á einu svæði (Sorsole) töldum við fugla í fyrsta sinn 1982. Talið var á 16 sniðum, hvert 10 km að lengd. Sáust branduglur í 9 af þessum sniðum, alls 20 fuglar. Þessi snið lágu um svæði sem ég gjörþekki af 20 ára reynslu. Get ég með sanni sagt, að fjöldi brandugla sumarið 1982 hafi verið mjög mikill. Í mörgum "venjulegum" árum, hefðu engar eða fáar uglur sést á þessu svæði.... Það er enginn vafi á því, að sumarið 1982, var eitt hið allra besta varpár fyrir branduglur í N-Svíþjóð."

Branduglur, eins og ýmsar aðrar tegundir fugla sem lifa af ránum, eru mjög háðar fæðuframboði hverju sinni. Sambandið á milli góðra varpara og svonefndra "músaára", þ.e. ára þegar fjöldi smánagdyra er mikill, er vel þekkt. Í þannig árum tekst varpið vel, og af því leiðir mikill fjöldi fugla að hausti (Hagen 1952).

Allt bendir til þess, að ýmsir þættir hafi haldist í hendur og orðið til þess, að branduglur flæktust til Íslands í stórum stíl haustið 1982. Ástæðurnar munu hafa verið þær, að sterk austanátt ríkti á því tímabili er hvað flestar branduglur voru í farflugi í NV-Evrópu. Þetta haust er að líkindum sérstætt að því leyti, að óvenjumikill fjöldi brandugla hefur verið á ferð í Evrópu í kjölfar mjög góðs varparangurs um sumarið. Líklegt er, að þannig veðurskilyrði hafi komið áður og samtímis hámarki í farflugi brandugla í Evrópu. En samt hefur ekki áður orðið vart sambærilegrar branduglugöngu hér. Ástæðan er eflaust sú, að undir venjulegum kringumstæðum, er ekki tekið eftir slíkum uglukomum, þar eð tegundin verpur í landinu.

Þakkir

Ég vil þakka öllum þeim mörgu sem veittu upplýsingar um branduglur haustið 1982. Ennfremur þakka ég Jens-Kjeld Jensen, Færeyjum, og Sören Svensson, Lundi, Svíþjóð, veittar upplýsingar.

HEIMILDIR

- Bjarni Sæmundsson. 1929. Nýjungar úr dýraríki Íslands. Skýrsla um Hið íslenska Náttúrufræðisfélag, félagsárin 1927 og 1928: 31-37.
- Bjarni Sæmundsson. 1934a. Zoologiske Meddelelser fra Island. Videnskab. Meddelelser 97: 25-86.
- Bjarni Sæmundsson. 1934b. Probable influence of changes in temperature of the marine fauna of Iceland. Conseil permanent international pour l'Exploration de la Mer. Rapp. & Procès-Verbaux 86: 1-6.
- Carrier, M.F. 1983. Diary of a mega-fall, Isle of May, October 1982. B.T.O. News no. 124: 8.
- Finnur Guðmundsson. 1951. The effects of the recent climatic changes on the bird life of Iceland. Bls. 502-514 í Proceedings of the Xth International Ornithological Congress. Uppsala June 1950. Stockholm.
- Finnur Guðmundsson. 1964. Íslenskir varpfuglar. Bls. 367-382 í Fuglar Íslands og Evrópu. 2. útg., aukin og endurskoðuð. Reykjavík.
- Gerber, R. 1960. Die Sumpfohreule (*Asio flammeus* Pont.). Wittenberg Lutherstadt.
- Hagen, Y. 1952. Rovfuglene og viltpleien. Oslo.
- Hantzsch, B. 1905. Beitrag zur Kenntnis der Vogelwelt Islands. Berlin.
- Joensen, A.H. 1966. Fuglene på Færøerne. Copenhagen.
- Morgunblaðið, 29.10.1982.
- Schmidt, R.C. & G. Vauk. 1981. Zug, Rast und Ringfunde auf Helgoland durchziehender Wald- und Sumpfohreulen (*Asio otus* und *A. flammeus*). Die Vogelwelt 102: 180-189.
- Timmermann, G. 1938. Die Vögel Islands. Erster Teil, 1. Hälfte. Vísindafélag Íslendinga XXI. Reykjavík.
- Vestfirski fréttablaðið, 21.10.1982.

SUMMARY

An influx of Short-eared Owls *Asio flammeus* in Iceland, autumn 1982.

In normal years the Icelandic Museum of Natural History receives notices of only a few Short-eared Owls *Asio flammeus* from the general public each autumn. During the latter half of October 1982 unusually many owls were reported. Owls in apparent healthy condition were observed in various parts of the country. Most of these birds are likely of Icelandic origin, the Short-eared Owl being a sporadic breeder in Iceland. But many of the birds observed were thought to be non-Icelandic. This was indicated by their place of recovery and generally poor condition, following and during an atypical weather situation. These birds were picked up on ships on the seas around the country, or on the coast. That fact alone would be unusual if Icelandic birds were involved.

The first owl, forming a part of this influx, was observed on October 15. The next 10-12 days some 25-30 birds were found on ships or on the coast, emaciated or dead. Seven of these birds were sent to the Museum. The distribution and numbers of owls observed from October 15 to November 5, is shown in Fig. 1.

These owls are thought to be of Scandinavian origin. The circumstantial evidence for this, involves: (1) During this time period strong easterly winds prevailed. (2) Few European vagrants had been observed that autumn until at the same time as the first owls were observed. Then numerous vagrants were recorded in widely different parts of Iceland. (3) An influx of Short-eared Owls was observed at same time in the Faeroes (Jens-Kjeld Jensen, pers. comm.). (4) A heavy fall of migrants, including Short-eared Owls, was observed on the Isle of May, Northeast Scotland, a few days before the first birds were observed in Iceland, and during that time (Carrier 1983).

The reasons for this heavy influx of Short-eared Owls, are thought to be: (1) Strong easterly winds prevailed for days. (2) This occurred at the height of the migration period of Short-eared Owls in NW-Europe (cf. Schmidt & Vauk 1981). (3) There was an unusually good breeding year for Short-eared Owls in Northern Sweden in summer 1982 (Sören Svensson, pers. comm.), and possibly over the whole of Scandinavia, resulting in large numbers of birds on the move in the autumn.

Minor influxes of Short-eared Owls in Iceland, are not likely to be noticed, since the species nests in the country.

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1981

Í þessari þriðju skýrslu um sjaldgæfa fugla á Íslandi er sem fyrr fjallað um flækingsfugla, sjaldgæfa varpfugla og fátíða far- og vetrargesti. Athuganir voru dæmdar á sama hátt og áður af nefnd sem í áttu sæti: Árni Waag Hjálmarsson, Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Práinsson, Hálf dán Björnsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Kjartan Magnússon, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Skarphéðinn Þórisson og Ævar Petersen.

Það má segja flestum athugendum til hróss að heimtur og allur frágangur fuglaspjaldanna batnar ár frá ári. En ekki verður nóg samlega brýnt fyrir fólki að láta lýsingu fylgja með athugunum á sjaldgæfum og torgreindum fuglum, því útilokað er að samþykkja slík tilvik án nokkurs rökstuðnings. Þá trassa margir að skila af sér og tefur það alla úrvinnslu.

Allmargar viðbætur og leiðréttingar frá fyrri árum eru í skýrslunni, og þær helstar að býpör, bláheiðir, tyrkjadúfa og krúnuskrikja bætast við fyrri árslista.

Á árinu 1981 sáust 94 tegundir sjaldgæfra fugla sem er svipað og árið áður, en þá voru þær alls 98. Athuganir eru álíka margar þessi ár, og aðalflækingsgöngurnar komu á svo til sama tíma bæði haustin, seinni hluta september og um og upp úr mánaðamótum október - nóvember.

Sjaldgæfir varpfuglar. Sumarið 1981 fannst flóastelkur loksins með unga í Mývatnssveit, en þar hefur leikið grunur á varpi í nær aldarfjórðung. Fjallafinkur urpu í Reykjavík og á Tumastöðum í Fljótshlíð. Gráspörinn telst ekki lengur

til íslenskra varpfugla. Aðrar tegundir sem hér eru árvissar og hafa orpið stöku sinnum sýndu nú ekki merki um varp: skutulönd, bleshæna, vepja, hringdúfa, tyrkjadúfa, snægla, landsvala, bæja-svala, svartpröstur og grápröstur. Keldusvín sáust síðla hausts og um veturinn, en ekkert skal fullyrt um uppruna þeirra fugla.

Vetrargestir eru þeir sömu og áður: sefgoði, gráhegri, hvinönd, æðarkóngur, fjöruspói og ísmáfur. Í síðustu skýrslu var lappjadrakan skipað í þennan hóp. Hann á þó tæpast heima þar frekar en t.d. grálóa, því þessar tegundir sjást aðallega á haustin og aðeins stöku fuglar dvelja hér vetrarlangt. Æðardrottningar sjást í síauknum mæli, og stuðla betri sjónaukar vafalaust að því auk þess sem æ fleiri komast upp á lag með að greina þær frá æðarkollum.

Sjaldgæfir fargestir eru gamalkunnir: ískjóí, fjallkjóí og sportittlingur. Um miðjan maí settust margir sportittlingar á skip sem voru á veiðum á Selvogsbanka. Á sama tíma sást stakur fugl á Rauðasandi, en þessi tegund kemur annars helst á haustin og verður þá einkum vart á Rosmhvalanesi.

Sumargestur. Leifar af hettuskrofu sem fundust á Breiðamerkursandi vorið 1979 hafa sennilega verið af löngu dauðum fugli.

Deilitegundirnar hvítfálki og amerísk urtönd eru árvissar, og árið 1981 sást austræn blesgæs hér í fyrsta skipti með vissu.

Nýjar tegundir árið 1981 eru blikönd og fjallalævirki. Um þá fyrrnefndu birtist grein í síðasta hefti Náttúrufræðingsins og fjallalævirkin fær nánari umfjöllun annars staðar í þessu riti.

Gull: Garðabær, karlf. haust 1980 ☆ (Jóhann Brandsson).

Rósafinka *Carpodacus erythrinus*

NA-Evrópa og miðbik Asíu til Kyrrahafs. – Allalgengur flækingur í V-Evrópu, en sjaldgæfur hér á landi.

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 20. september ☆ (BA).

Dómpápi *Pyrhula pyrrhula*

Evrópa og Asía. – Fremur sjaldgæfur flækingur.

A-Skaft: Svínafell í Örafum, kvenf. 2. nóvember til 3. desember (Jóhann Þorsteinsson ofl.).

Gráspör *Passer domesticus*

Upphafleg heimkynni: Evrópa og N-Afríka, en verpur nú víða um heim vegna flutninga af mannavöldum. – Fremur sjaldgæfur flækingur, en hefur orpið á nokkrum stöðum, m.a. á Borgarfirði eystra frá 1971-1980.

N-Múl: Borgarfjörður eystri, kvenf. allt árið til amk. 28. desember (ÓA ofl.). Í janúar 1981 grandaði villiköttur og óveður næstum öllum gráspörvunum á Borgarfirði eystra, þannig að einungis einn kvenfugl tórði út árið.

Bláhráfn *Corvus frugilegus*

Evrópa og Asía. – Algengur flækingur hér á landi, en mikil áraskipti í fjölda.

Vestm: Heimaey, 1.-7. mars (SS).

Dvergkráka *Corvus monedula*

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Allalgengur flækingur, og hefur komið í stórum hópum (Náttúrufræðingurinn 49: 204-220).

Vestm: Heimaey, 11. mars (SS).

Kráka *Corvus corone*

Evrópa og Asía. – "Grákrákur" eru alltfóðar hér á landi, en þó mun sjaldséðari en bláhráfn og dvergkráka.

Vestm: Heimaey, 4. janúar (Friðrik Jesson), sást fyrst 28. nóvember 1980, sjá skýrslu það ár.

Athugendur

Ásrún Jóhannsdóttir, Aðalgeir Egilsson, Aðalsteinn Jóhannsson, Aðalsteinn Jónsson, Agnar Ingólfsson, Agnar Sigurbórsson, Ágúst Þorsteinsson, Anna Jónsdóttir, Anthony R. Martin, Ari Albertsson, Ari Magnússon, Ari Þorsteinsson, Arnar Helgason, Árni Einarsson (ÁE), Árni Waag Hjálmarsson, Arnþór Garðarsson (AG), Auður Ágústsdóttir.

Baldur Þorsteinsson, Benedikt Ólason, Benedikt Þorsteinsson, Bjarki Arnórsson, Bjarni D. Sigurðsson, Björn Arnarsson (BA), Björn Björnsson (BB), Björn Guðbrandsson, Björn Jóhannsson, Björn Kristjánsson, Borgþór Magnússon, Bragi Guðmundsson.

C. A. Galbraith, Cristopher Holt.

Einar H. Einarsson (EHE), Einar Lúðvíksson, Einar Þorleifsson (EP), Elínborg Pálsdóttir, Erika Vauk-Hentzelt, Erlendur Björnsson, Erling Ólafsson (EO), Erpur Snær Hansen (ESII).

Friðrik Jesson, Friðrik Jónsson.

Gaukur Hjartarson, Gestur Halldórsson, Gísli Óskarsson, Gísli Þráinsson, Guðbrandur Magnússon, Guðjón Arason, Guðjón Sæmundsson, Guðlaugur Gunnarsson, Guðmundur Bergmann, Guðmundur Guðmundsson, Guðrún Hálfðanardóttir, Guðrún Pálsdóttir, Gunnbjörn Egilsson, Gunnar Hyvandal, Gunnar Sighvatsson, Gunnar Þór Þórarnarson, Gunnlaugur Pétursson (GP), Gunnlaugur Þráinsson (GP).

Hafsteinn Guðmundsson, Hafþór Hafsteinsson, Hálfðan Björnsson (HB), Hálfðan Haraldsson, Halldór Guðmundsson, Hallur Pálsson, Hans Kristensen, Hans Schouten, Haukur Hreggviðsson, Haukur Jóhannesson, Hávarður Bergþórsson, Helga Pálsdóttir, Hilmar Árnason, Hjálmar R. Bárðarson, Hjörleifur Kristinsson.

Ib Petersen (IP), Inga Skarphéðinsdóttir, Ingi Sigurjónsson (IS), Ingimar Jóhannsson, Ingólfur Guðnason (IG), Ingi Ingvarsson.

Jakob Erlingsson, Jens Jensson, Jim Wilson, Jóel Friðbjörnsson, Jóhann Brandsson, Jóhann Óli Hilmarsson (JÓH), Jóhann Þorsteinsson, Jóhannes Björnsson, Jón Baldur Hlíðberg (JBH), Jón Tryggvason, Júdit Jónbjörnsdóttir.

Karl Eiríksson, Kjartan Magnússon (KM), Kolbrún Sigurbjarnardóttir (KS), Kristinn M. Óskarsson, Kristinn Pálsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson (KHS), Kristján Agnarsson, Kristófer Árnason.

Lúðvík Gizurarson.

Magnús Enquist, Magnús Kjartansson, Magnús Lárusson, Magnús Magnússon próf, Magnús Magnússon trésm, Magnús Pálsson.

Nanna Kaaber.

Ólafur Aðalsteinsson (ÓA), Ólafur Einarsson (ÓE), Ólafur Guðmundsson, Ólafur Sigurgeirsson, Ólafur Karl Nielsen, Ómar Ingvason, Orri Brandsson, Óskar Karlsson, Óskar Þór Sigurðsson.

Páll H. Benediktsson, Páll Leifsson (PL), Páll Sveinsson, P. S. Thompson.

Rafn Sigurðsson, Ragnar Eiddsson, Ragnar Hermannsson.

Sigbjörn Kjartansson (SK), Sigtryggur Vagnsson, Sigurður Blöndal, Sigurður Björnsson, Sigurður Gunnarsson, Sigurður Sigurjónsson, Sigurður Þorkeiðsson, Sigurgeir Sigurðsson (SS), Skarphéðinn Þórisson (SP), Snorri Pétursson, Steingrímur Þorsteinsson, Svanhildur Jónsdóttir, Sveinn Ingimarsson, Sverrir Kristjánsson, Sverrir Thorstensen, Sverrir Vilhjálmsson.

Thor Klausen, Torfi Guðbrandsson, Torfi Steinþórsson, Trausti Magnússon, Tryggvi Eyjólfsson, Tryggvi Stefánsson.

Úlfar Finnbjörnsson, Úlfar Þórðarson, Unnar Erlingsson, Unnur Einarisdóttir.

Valgeir Sigurðsson, Vigfús Jóhannsson, Vigfús Hjörtur Jónsson, Vilhjálmur Lúðvíksson, Völundur Jóhannesson.

Þórður Júlíusson, Þórður Reykdal, Þórður Þórðarson, Þórir Þorsteinsson, Þorkeið Þorkeiðsson (PP), Þorleifur Einarsson, Þorsteinn Einarsson Garði, Þorsteinn Einarsson Rvk, Þorsteinn Línal, Þórunn Árnadóttir.

Ævar Petersen, Ævar Sveinsson.

Örn Óskarsson, Örn Þorleifsson.

HEIMILÐIR

- Arnbór Garðarsson 1983. Austræn blesgæs í fyrsta sinn á Íslandi. Bliki 1: 46-47.
- Erling Ólafsson 1983. Fjallalævirkir sést á Íslandi. Bliki 1: 40-41.
- Erling Ólafsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1983. Akurgæsir á villigötum. Bliki 1: 43-46.
- Galbraith, C.A. & P.S. Thompson 1981. Flóastelkur (*Tringa glarcola*) varpfugl á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 51: 164-168.
- Gunnlaugur Pétursson 1983. Silkitoppur haustið 1981. Bliki 1: 41-42.
- Gunnlaugur Pétursson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1980. Sjaldbæfir fuglar á Íslandi 1979. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrit.
- Gunnlaugur Pétursson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1982. Sjaldbæfir fuglar á Íslandi 1980. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrit.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Fjallafinka varpfugl á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 52, í prentun.
- Martin, A. 1981. Blikönd (*Polysticta stelleri* (Pallas)) séð í fyrsta sinn á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 51: 189-191.

SUMMARY

Rare birds in Iceland in 1981

This is the third annual report of rare birds in Iceland. The two previous reports cover the years 1979 and 1980 (Gunnlaugur Pétursson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1980, 1982).

Early in 1980 a group of observers in cooperation with the Icelandic Museum of Natural History, Reykjavík, established a committee to deal with records of rare birds in Iceland. The aims of the committee are to collect records of rare birds, check their validity and publish annual reports. There are eleven members of the committee. Each of them considers the records independently. If two or more members do not accept a record it is not published.

The committee deals with following categories of birds: (1) all accidentals, (2) rare passage migrants, (3) selected species of rare and irregular breeders, and (4) selected winter and summer visitors. Rare passage migrants included are *Stercorarius pomarinus*, *S. longicaudus*, and *Calcarius lapponicus*. Summer visitors include *Puffinus gravis* and *P. major*. Among winter visitors are

Bucephala clangula, *Somateria spectabilis*, *Falco rusticolus candicans*, *Numenius arquata* and *Pagophilus eburnea*. Very rare and irregular breeders considered in these reports are: *Aythya ferina* (regular visitor), *Rallus aquaticus* (status uncertain, but probably still breeding in the southern lowlands), *Fulica atra* (autumn and winter straggler), *Vanellus vanellus* (winter and early spring visitor), *Tringa glareola* (has probably bred at Mývatn in low numbers for 25 years), *Columba palumbus*, *Streptopelia decaocto*, *Hirundo rustica* and *Delichon urbica* (all four mainly spring and summer visitors, *S. decaocto* being the rarest one), *Turdus merula* and *T. pilaris* (autumn and winter visitors), *Fringilla montifringilla* (spring and autumn vagrant) and *Passer domesticus* (rare accidental).

Records of 94 species, submitted by about 160 observers, are included in the 1981 report. Several records from 1979 and 1980 are also included. Among the highlights in 1981 was the first confirmed breeding record of *Tringa glareola* (Galbraith & Thompson 1981), and continuing breeding records of *Fringilla montifringilla* (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, in press). Two species are new to Iceland, *Polysticta stelleri* (Martin 1981) and *Eremophila alpestris* (Erling Ólafsson 1983). The subspecies *Anser albifrons albifrons* is also new to Iceland (Arnbór Garðarsson 1983). Among other noteworthy events was influx of *Anser fabalis* (Erling Ólafsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1983). Increasing records of female *Somateria spectabilis* are undoubtedly due to increasing skill of observers. Two Nearctic passerines were seen in November, *Catharus guttatus* and *Zonotrichia albicollis*.

Explanations:

In every record the following details are given: (1) county (in italics), (2) place, (3) number of birds, if more than one, (4) sex and age, if known, (5) date, (6) observers (in parenthesis).

Following abbreviations are used: karlf. = male, kvenf. = female, fullö. = adult, ungl. = immature, ☆ = collected.

Gunnlaugur Pétursson, Dalalandi 8, 108 Reykjavík.


Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Pósthólf 1254, 121 Reykjavík.

Fjallalævirki sést á Íslandi

Það þykir ávallt tíðindum sæta, er nýjar fuglategundir sjást hér á landi. Sumar koma á óvart, en annarra hefur verið beðið um langt skeið. Þær tegundir, sem líklegastar eru til að hrekjast hingað, verpa í nágrannalöndum okkar og fljúga yfir Norðursjó á milli varp- og vetrarheimkynna. Fjallalævirkin *Eremophila alpestris* er ein þessara tegunda. Þrátt fyrir það, sást hann ekki hér með vissu fyrr en hausið 1981. Áður hafa sést hér fuglar, sem hugsanlega voru þessarar tegundar, þótt ekki yrði það staðfest. Það var 17. nóvember umrætt haust, að fjallalævirki sást á Garðskaga á Miðnesi í Gullbringusýslu. Um þær mundir var hér töluvert af hrakningsfuglum frá meginlandi Evrópu, eins og sjá má af skýrslu

um sjaldgæfa fugla 1981 í þessu riti. Til dæmis bar töluvert á sönglævirkjum *Alauda arvensis*. Þennan dag var veður heldur napurlegt, norðaustan stinningskaldi, skafrenningur og nokkuð frost. Smáfuglar áttu því erfitt uppdráttar og leituðu helst fæðu í fjöruborðinu, þar sem snjólaust var.

Í fjörunni vestur af Garðskagavita bar lítið á fuglum. Þar var þó sendlingahópur *Calidris maritima*, nokkrir stelkar *Tringa totanus* og tvær grálóur *Pluvialis squatarola*. Ég var að skoða grálóurnar í sjónauka, þegar lítill fugl kom hlaupandi í fjöruborðinu og staðnæmdist hjá þeim. Við þau slæmu veðurskilyrði sem ríktu, þar sem rýna þurfti í gegnum skafrenningskófið, minnti fuglinn einna helst á



Fjallalævirki. Teikning Jón Baldur Hlíðberg.

sandlóu *Charadrius hiaticula*, bæði hvað stærð og hreyfingar snerti. Auk þess var hann með svartan blett framan á hálsi neðanverðum og annan aftan við augað, líkt og sandlóa, en á milli svörtu blettanna og á enninu var fuglinn áberandi gulur, en ekki hvítur eins og sandlóan. Þar sem fjallalævirki hafði ekki áður sést hér á landi með vissu, var fuglinum safnað til staðfestingar komu hans hingað. Fuglinn var í fallegum búningi, litirnir skýrir og vottaði fyrir fjaðrahornum á kollinum, sem einkenna karlfugla. Við krufningu kom í ljós, að um fullorðinn karlfugl var að ræða, og hafði hann verið að tína í sig þangflugur *Coelopa frigida*, er honum var safnað. Fuglinn er varðveittur sem hamur á Náttúrufræðistofnun Íslands (RM 7565).

Fjallalævirki verpur víða á norðurhveli jarðar. Í Evrópu verpur hann þó aðeins á Balkanskaga og frá norðanverðri Skandinavíu austur á tundra Sibiríu. Hann verpur víða um miðbik Asíu og vestur til Miðjarðarhafs og N.-Afríku, einnig um gjörvalla N.-Ameríku. Þekkt-

ar eru 40 deilitegundir fjallalævirka, og hafa margar þeirra mjög takmarkaða útbreiðslu. Í N.-Ameríku eru nokkrar deilitegundir, en aðeins ein er í norðanverðri Evrópu (*E. alpestris flava*). Sú hefur m.a. vetursetu á Bretlandseyjum og er því líklegust til að slæðast til Íslands. Fjallalævirkin af Garðskaga hefur ekki verið greindur til deilitegundar.

Við ritun þessa greinarkorns var einkum stuðst við Peters (1960): Check-list of Birds of the World, Bd. 9, og Voous (1960): Atlas of European Birds.

SUMMARY

The Shore Lark *Eremophila alpestris* recorded from Iceland

The Shore Lark is recorded for the first time from Iceland. An adult male was collected at Garðskagi, SW Iceland, on 17 November 1981. The bird is preserved as a study skin at the Icelandic Museum of Natural History, Reykjavík (cat. no. RM 7565).

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Gunnlaugur Pétursson

Silkittoppur haustið 1981

Silkittoppur *Bombycilla garrulus* verpa í barr- og birkiskógum N-Skandinavíu, N-Asíu og N-Ameríku. Ber og skordýr eru fæða þeirra á sumrin, en á veturna lifa þær aðallega á berjum sem þær finna í runnum og reynitrijám og fer þá hluti stofnsins út fyrir venjuleg varpheimkynni. Í hörðum árum eiga silkittoppur til að ferðast langar vegalengdir í leit að fæðu. Stundum sjást stórir hópar í

V-Evrópu að haust- og vetrarlagi, og er talið að meginástæðan fyrir slíku flakki sé fæðuskortur á vetrarstöðvum austar í Evrópu og Asíu.

Fram til 1975 voru silkittoppur nær árvissar hér á landi að haust- og vetrarlagi. Oftast koma þær í hópum, mismunandi stórum þó. Flestar sáust haustin 1953, hátt á annað hundrað, og 1965, mörg hundruð. Eftir 1975 hefur varla

orðið vart við silkitoppur, fyrr en haustið 1981 að um 40 fuglar sáuust (sjá skýrslu um sjaldgæfa fugla í þessu riti). Það telst þó lítið miðað við áður nefnd ár. Nokkuð af silkitoppum sást einnig í V-Evrópu haustið 1981, t.d. allmörg hundruð í Danmörku um miðjan október og smáflokkar í Færeyjum í byrjun nóvember. Nokkrir fuglar sáuust einnig í lok október á Bretlandseyjum og smáhópar fylgdu í kjölfarið. Frá Búlgaríu bárust þær fréttir, að silkitoppur hefðu komið þangað eftir nokkurra ára hlé (Brit. Birds 75: 270, 75: 572).

Hér á landi sáuust fyrstu silkitoppurnar í lok október, ein eða tvær í Örfæmum, ein var skotin af rjúpnaskyttu í grennd við Bláfjöll og ein sást í garði í Reykjavík. Þeirra varð þó ekki vart í neinum mæli fyrr en um og uppúr miðjum nóvember. Í lok nóvember og byrjun desember fækkaði þeim verulega, líklega vegna kólnandi veðráttu. Nokkrar sáuust fram í lok mars og byrjun apríl 1982, en þá hurfu þær skyndilega. Vera má að þær hafi leitað aftur á varpstöðvarnar. Einn athugandi, sem hafði silkitoppu í fæði hjá sér um veturinn, kvað hana hafa vægast sagt tekið vel til matar síns daginn sem hún hvarf. Hafði silkitoppa aðallega etið kjötsag og brauðmylsnu. Annars eru reyniber líklega meginfæða þeirra fugla, sem hér eru framan af vetri.

Að frátöldum nýkomnum fuglum í októberlok og fjórum á Akureyri, sáuust allar silkitoppurnar í þéttbýli á suðvestanverðu landinu. Engra varð vart á austanverðu landinu, en þar ættu þó skilyrði að vera fyrir hendi í trjálundum og górdum í bæjum og sveitum. Ef til vill má skýra þetta á þann hátt að silkitoppurnar hafi verið á leið vestur á bóginn og ekki stöðvast fyrr en á suðvesturlandi, eða að flestar hafi komið þar að landi. Einnig má vera að fleiri fuglaskoðarar suðvestanlands en annars staðar ráði hér nokkru tær.

Heimildir, sem stuðst var við, voru The Popular Handbook of British Birds



Silkitoppa. Reykjavík 19. mars 1982. Ljós-
Erling Ólafsson.

eftir P.A.D. Hollom, Fuglabók AB í þýðingu Finns Guðmundssonar, breska tímaritið British Birds og spjaldskrá Náttúrufræðistofnunar Íslands.

SUMMARY

Waxwings in autumn 1981

About 40 waxwings *Bombycilla garrulus* were recorded in Iceland in late autumn 1981. They were first seen in late October but the main arrival was in the middle of November. Most of the birds disappeared in late November and early December, probably due to bad weather, but a few stayed until April 1982. Apart from newly arrived birds, they were nearly all seen in SW-Iceland.

This is the first influx of waxwings since 1975. Before that waxwings were recorded nearly annually, with the greatest numbers in the autumn 1953, nearly two hundred, and in autumn 1965, many hundreds.

Gunnlaugur Pétursson, Dalalandi 8, 108 Reykjavík.

Akurgæsir á villigötum


Það bar til tíðinda haustið 1981 að akurgæsir *Anser fabalis* sáust á allmörgum stöðum á sunnan- og vestanverðu landinu, en fram að því hafði þessi tegund aðeins sést hér örsjaldan.

Akurgæs er á stærð við grágæs *Anser anser*, en hlutfallslega háls- og neflengri, dekkri á búkinn og með dökkbrúnt höfuð og háls eins og heiðagæs *Anser brachyrhynchus*. Sumir telja reyndar heiðagæs og akurgæs til sömu tegundar, enda svipar þeim um margt í útliti og lifnaðarháttum. Heiðagæsin er þó mun ljósari á búkinn, nefstyttri og með bleika en ekki rauðgula fætur eins og akurgæs. Þá eru varpheimkynni þeirra vel aðskilin, því akurgæsin verpur í túndru- og barrskógabeltinu frá N-Skandinavíu til Kyrrahafs. Erfitt er að flokka akurgæsir í deilitegundir, en þeim er skipt í tvo meginhópa, skógar- og túndrufugla. Þeir síðarnefndu eru norðlægari og líkari heiðagæs. Skandinavískir og rússneskir fuglar teljast til fyrri hópsins og hafa vetursetu við sunnanverðan Norðursjó (40 þús.) og í Mið-Evrópu (100-150 þús.). Vetrarstöðvar austrænu fuglanna eru hins vegar í Mið- og SA-Asíu.

Yfirleitt flækjast gæsir út fyrir venjubundin heimkynni sín með því móti að slást í hóp annarra gæsa og fylgja þeim eftir á ferðum. Þetta á þó ekki við um þær akurgæsir sem sést hafa hér á landi. Fram til 1981 hafði þeirra aðeins orðið vart tvisvar sinnum með vissu og það um hávetur. Sennilegt er að þeir fuglar hafi verið að flýja vetrarhörkur í norðanverðri Evrópu er þeir villtust hingað. Akurgæsir eru þekktar fyrir slíkar miðsvetrarreisur og sjást t.d. yfirleitt ekki á Bretlandseyjum fyrr en upp úr nýári.

Helgina 10.-11. október 1981 náðist stök akurgæs í Flatey á Breiðafirði og tvær úr 10-15 fugla hópi í Nesjum í Hornafirði. Úr þeim hópi var auk þess skotin austræn blesgæs *Anser albifrons albifrons* (Arnbór Garðarsson 1983). Akurgæsirnar héldu sig í Nesjum fram undir mánaðamót október - nóvember. Tvær sáust síðar hjá Viðborðsseli á Mýrum, vestan Hornafjarðarfljóts, í nóvemberlok og aftur 20. febrúar 1982. Helgina eftir að fyrstu akurgæsanna varð vart, 17.-18. október, náðust stakir fuglar í Melkoti í Borgarfirði, Hólmahjáleigu í A-Landeyjum og annar af tveimur á Rosmhvalanesi í Gullbringusýslu. Í nóvember sáust akurgæsir á ýmsum stöðum sunnanlands: við Selfoss, í Vestmannaeyjum og á Suðurnesjum. Þá sáust 10 við Fagurhólsmýri í Örafum 20. nóvember og aftur tveimur dögum síðar við Sandfell í sömu sveit. Ekki er ósennilegt að öræf fuglarnir hafi verið hluti hornafjarðarhópsins. Í skýrslu um sjaldgæfa fugla annars staðar í þessu riti eru öll tilvikin skráð, og á 1. mynd er sýnt hvar og hvenær akurgæsir komu fram.

Alls sáust hér á landi a.m.k. 25-30 akurgæsir haustið 1981. Ellefu þeirra náðust, og eru sex varðveittar á Náttúrufræðistofnun Íslands, þrjár eru í einkasöfnum og tvær voru étnar. Þær voru á ýmsum aldri, ungar frá sumrinu, geldfuglar og varpfuglar. Margar þeirra dvöldu um kyrrt þegar aðrar gæsir tygjuðu sig til farar, og reyndist veturinn þeim þungur í skauti. Þeir fuglar sem náðust í október voru flestir vel á sig komnir, en nóvemberfuglarnir grindhóraðir. Akurgæsirnar voru gæfari en aðrar gæsir. Það



1. mynd. Á þessari mynd sést hvar og hvenær akurgæsir sáuust hér á landi haustið 1981. Jafnframt er getið um fjölda fugla á hverjum stað.

mun þó ekki einkenna þessa tegund á heimaslóðum, en vera má að vegvillur og harðindi sem ríktu hér á landi haustið 1981 hafi dregið úr þeim þrótt.

Þær akurgæsir sem náðust líkjast allar deilitegundinni *A. fabalis fabalis* sem verpur í Skandinavíu og Rússlandi. Í októberbyrjun hefur þessi deilitegund yfirgefið varpstöðvarnar og sést í ríkum mæli við Eystrasalt. Þaðan liggur leið þeirra síðan til vetrarstöðva við Norðursjó og í Mið-Evrópu. Þær eru afar sjaldgæfar á Bretlandseyjum á haustin. Því þótti tíðindum sæta hve margar akurgæsir sáuust í nyrstu héruðum Skotlands um svipað leyti og þeirra varð vart hér á landi (Riddiford 1981, Dennis 1982). Þær fyrstu sáuust á Hjaltlandseyjum 30. september (þrjár), og hinn 8. október voru fjórar á Fair Isle og tólf nyrst á Suðureyjum. Fyrstu fuglarnir

sáuust á Íslandi 10. október, eins og fyrr er getið. Daginn eftir, 11. október, birtust fimmtán á Caithness, nyrst á meginlandi Skotlands, og sami fjöldi sást á Hjaltlandseyjum 15. október. Hinn 16. október sáuust sex á Orkneyjum og tíu á Caithness hinn 17. Um þetta leyti (17. og 18. október) komu akurgæsir fram á nokkrum nýjum stöðum á Íslandi.

Það vefst fyrir okkur að skýra hvers vegna akurgæsir fóru vestan við hefðbundnar farleiðir þetta haust. Gæsir eru miklir og góðir flugfuglar, en lenda samt stundum í hrakningum ef þær mæta illviðrum á leið sinni.

Hinn 8. október þegar akurgæsir birtust á tveimur stöðum í Skotlandi var norðaustanátt á hafinu milli Íslands og Noregs en norðvestlægur vindur við Færeyjar. Daginn eftir var víðáttumikil lægð við Írland og fór hennar að gæta fljótlega

norðaustan Bretlandseyja. Næstu daga færðist hún hægt norðaustur og dýpkaði. Að kvöldi hins 9. voru snarpir austanvindar ríkjandi á þessum slóðum (2. mynd). Þar með höfðu skapast skilyrði sem gátu hrakið gæsirnar til Íslands. Ef þær hafa borist hingað vegna óhagstæðs veðurs, er langsennilegast að það hafi gerst aðfaranótt hins 10. október. Svipað veður hélst þó fram til 12. október.

Grjótsalli í fóarni Hornafjarðarfuglanna frá 10. október var nær allur af útlendum uppruna. Hins vegar bar nokkuð á íslenskum bergtegundum í Fuglavíkurgæsinni sem náðist 17. október (Sveinn Jakobsson, munnl. uppl.). Þetta styður þá tilgátu að akurgæsirnar hafi verið nýkomnar til landsins 10. október.

Akurgæsir virðast hafa verið að tínast til Skotlands í 2-3 vikur og bendir það eindregið til þess að töluvert af þeim hafi lent vestan við venjubundnar farleiðir þetta haust. Um ástæðurnar er ekkert vitað, en hegðan þeirra hér á landi sýndi svo ekki varð um villst að þessir fuglar höfðu gjörsamlega tapað áttum.



HEIMILDIR

- Arnbór Garðarsson 1983. Austræn blesgæs í fyrsta sinn á Íslandi. Bliki 1: 46-47.
 Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977. 'The Birds of the Western Palearctic. 1. bindi. Oxford og víðar.
 Dennis, R.H. (ritstj.) 1982. Scottish bird report 1981. Scottish Birds 11.
 Gunnlaugur Pétursson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1983. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1981. Bliki 1: 17-39.
 Riddiford, N. 1981. Warden's report for 1981. Fair Isle Bird Observatory Report 34: 8-73.

SUMMARY

An influx of Bean Geese *Anser fabalis* in Iceland

The Bean Goose is a very rare vagrant in Iceland. Until 1981 there were only two substantiated records, both from mid winter. It came therefore as a surprise when the species turned up in considerable numbers in Iceland in October 1981. At dawn on 10 October three geese were shot from a flock of 10-15 geese at Hornafjörður, SE-Iceland. Two of these were Bean Geese and one an eastern White-fronted Goose *Anser albifrons albifrons*, not previously recorded from Iceland (Arnbór Garðarsson 1983). In the afternoon that same day a single Bean Goose appeared on the island of Flatey, W-Iceland. The following



2. mynd. Veðurkort dagana 9. og 10. október 1981. Teiknað eftir Direction de la Météorologie, 57. árg.

weeks Bean Geese showed up at several localities in S-Iceland (Fig. 1), and two were still present at Hornafjörður on 20 February 1982.

A minimum of 25-30 individuals is believed to be involved in this influx. A total of eleven were shot, six of these being preserved as study skins at the Icelandic Museum of Natural History, Reykjavík. They all show the characters of *A. fabalis fabalis*. The first geese collected were fat, but those collected during November were in very poor condition, and one was found dead in late December. All the records are listed in the 1981 report of rare birds in Iceland (Gunnlaugur Pétursson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1983).

As in Iceland unusually many Bean Geese turned up in the north of Scotland and the isles from 30 September onwards (Riddiford 1981,

Dennis 1982). The hours before the first geese were observed in Iceland an extensive low pressure area north of Scotland was moving northeast (Fig. 2). This weather situation lasted from 9-12 October. The geese were most likely caught up in this weather condition and carried to Iceland.

Grit from the first birds collected (10 October) was of predominantly foreign origin (metamorphic as against volcanic), indicating their recent arrival. A bird shot on 17 October, on the other hand, contained a good deal of Icelandic grit (S. Jakobsen, pers. comm.).

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands,
Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Pósthólf 1254,
121 Reykjavík.

Arnbór Garðarsson

Austræn blesgæs í fyrsta sinn á Íslandi

Hinn 10. október 1981 skaut Gunnar Þór Þórarnarson austræna blesgæs (*Anser albifrons albifrons*) við Meðalfell í Nesjum í Hornafirði. Hamur fuglsins er nú varðveittur á Náttúrufræðistofnun Íslands (RM 7479, fullorðinn kvenfugl). Fuglinn var í hópi 10-15 gæsa og voru tvær akurgæsir (*Anser fabalis*) skotnar við Meðalfell á sama tíma, þannig að sennilega má rekja komu hans til sömu atburða og urðu valdir að villu akurgæsa-anna hingað (Erling Ólafsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1983).

Blesgæs *Anser albifrons* er útbreiddur varpfugl á túndrum Sovétríkjanna, austan Hvítahafs, og Norður-Ameríku, vestan Hudsonflóa. Auk þess verpur einangraður stofn á Vestur-Grænlandi, *Anser albifrons flavirostris*. Sú undirtegund einkennist af gulu nefi og dökku fiðri. Grænlenka blesgæsin er reglubundinn umferðarfugl á Suður- og Vesturlandi á leið sinni til og frá vetrarstöðvum á Írlandi og Bretlandi.

Blesgæs er oft skipt í 4 undirtegundir. Ein þeirra, grænlenka undirtegundin, greinir sig mjög frá öðrum blesgæsa-stofnum í útliti. Hinar þrjár (*albifrons*, *frontalis*, *gambelli*) eru allar hver annarri líkar, með ljósrautt nef og fremur ljósar á fiður, og eru þær reyndar svo líkar útlits að vafamál hlýtur að teljast að réttmætt sé að greina á milli þeirra með nöfnum. Nafnið *albifrons* er notað um blesgæsir þær sem verpa í íshafslöndum Evrópu og mestallrar Síbiríu, *frontalis* um fugla sitt hvoru megin Beringssunds og *gambelli* um mestalla Norður-Ameríku.

Vetrarstöðvar *A. albifrons albifrons* eru (1) í Englandi, Belgíu, Hollandi, og Þýskalandi, alls um 190.000 fuglar á síðari árum, (2) á nokkrum stöðum í Suðaustur-Evrópu og Litlu-Asíu, um 200.000, (3) við Kaspíahaf, allt að 40.000, og (4) einnig í Austur-Asíu. Fuglinn sem hér náðist er eflaust úr hinum svonefnda Eystrasalts-Norður-

sjávarstofni (1), sem talinn er verpa á vestasta hluta útbreiðslusvæðisins. Þessi stofn hefur stækkað mjög mikið á síðustu áratugum, var t.d. álitinn vera um 50.000 alls á árunum fyrir 1960. Vetrarheimkynni evrópsku blesgæsarinnar eru einkum flæðilönd, strandmýrar og ýmiss konar graslendi. Á ferðum sínum haust og vor sést hún þó oft á akurlendi og er þá gjarnan á ferð með akurgæsum.

HEIMILDIR

- Cramp, S. & K. E. L. Simmons (ritstj.) 1977. The birds of the Western Palearctic. 1. Oxford.
 Erling Ólafsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1983. Akurgæsir á villigötum. Bliki 1: 43-46.
 Kuyken, E. 1980. Distribution and population dynamics of *Anser a. albifrons* in Europe.

- International Waterfowl Research Bureau Bulletin 46: 39.
 Palmer, R. S. 1976. Handbook of North American birds. 2. New Haven.
 Prater, A. J. 1981. Estuary birds of Britain and Ireland. Calton.

SUMMARY

A specimen record of *Anser albifrons albifrons* from Iceland

An adult female *A. albifrons albifrons* was collected at Nes in Hornafjörður, South-East Iceland, on 10 October 1981. Two bean geese *Anser fabalis* were shot from the same flock of geese, suggesting that this individual had recently arrived in the company of bean geese from the continent (cf. Erling Ólafsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1983). This subspecies has not previously been recorded in Iceland.

Arnþór Garðarsson, Líffræðistofnun háskólans, Grensásvegi 12, 108 Reykjavík.

Fuglaverndarfélag Íslands

Fuglaverndarfélag Íslands var stofnað 28. janúar 1964 af nokkrum áhugamönnum um fuglaverndarmál. Helstu frumkvöðlar að stofnun félagsins voru Björn Guðbrandsson, Úlfar Þórðarson, Richard Thors og Þórður Þorbjarnarson. Í lögum félagsins segir að tilgangur þess sé "að beita sér fyrir og hafa með höndum ráðstafanir, sem lúta að því að vernda og viðhalda fuglategundum, sem eru í hættu að vera útrýmt hér á landi".

Frá upphafi hefur starfsemi félagsins einkum beinst að því að fylgjast með íslensku hafarnarstofninum og reyna að skapa skilyrði, sem stuðlað geti að vexti og viðgangi stofnsins. Hefur þessi starfsemi aðallega falið í því að reyna að vinna sjónarmiðum verndunarmanna fylgis meðal bænda á arnarsvæðum, verðlauna eigendur jarða þar sem ungar komast upp og greiða bændum fyrir að bera út hræ á veturna.

Félagið gengst árlega fyrir talningu á þörum og hreiðrum arna á landinu svo hægt sé að fylgjast náið með ástandi stofnsins. Í

samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands lætur félagið gera árlega skýrslu um niðurstöður þessara talninga. Einnig reynir félagið að hafa áhrif á stjórnvöld í málefnum sem varða verndun fugla á Íslandi.

Starfsemi félagsins er fjármögnuð með félagsgjöldum og ágóða af fræðslufundum, en einnig fær það fjárveitingu frá menntamálaráðuneyti (7000 kr. á fjárlögum 1983). Þjóðhátíðarsjóður hefur veitt félaginu styrk, sem notaður hefur verið í greiðslur til bænda á arnarsvæðum.

Félagið gengst fyrir mánaðarlegum fræðslufundum í Norræna Húsinu yfir vetrarmánuðina um margvísleg efni tengd náttúru og náttúruvernd. Á þessum fundum er hægt að gerast félagi og er árgjald nú 50 kr. Núverandi formaður félagsins er Magnús Magnússon prófessor, og heimilisfang þess er á Bræðraborgarstíg 26, 101 Reykjavík.

Kjartan Magnússon

Fræðslufundur Fuglaverndarfélags Íslands 1982-1983

Haldnir voru fjórir fundir á vegum Fuglaverndarfélagsins á sl. vetri. Á einum þeirra var sýnd kvikmynd, en hinir fjölluðu á einn eða annan hátt um sjófugla. Þessi fuglahópur var til skamms tíma lítið rannsakaður hér á landi, en hafði áður mikla þýðingu fyrir afkomu okkar. Margir sjófuglastofnar hafa meginútbreiðslu sína á hafinu umhverfis Ísland. Nú orðið er hægt að segja til um með samilegri nákvæmni hve stórir sumir þeirra eru, en um aðra er lítið vitað. Þær grundvallarupplýsingar sem mestu varða eru fjöldi, fæða og varpútbreiðsla, og beinast rannsóknir því einkum að þessum atriðum.

Þorsteinn Einarsson vann brautryðjendastarf hér á landi í sjófuglarannsóknum, og var einn hinna fyrstu í heiminum sem taldi bjargfugla skipulega. Yngri fuglafræðingar hafa gerst sporgðögumenn Þorsteins, og jafnframt þróað og beitt öðrum aðferðum. Agnar Ingólfsson hefur rannsakað máfa um 20 ára skeið, aðallega fæðu þeirra og kynblöndun hvítmáfs og silfuramáfs. Arnþór Garðarsson kannaði fjölda og varpútbreiðslu skarfa hér við land og vinnur nú ásamt fleirum að rannsóknum á fæðu svartfugla. Þá hefur hann athugað ýmis fuglabjörg, og m.a. myndað þau úr lofti. Síðastliðin ár hefur hann unnið í Látrabjargi, eins og fram kemur hér á eftir. Ævar Petersen hefur um árábil rannsakað teistu og fleiri sjófugla á Breiðafirði, en einnig kannað fylabyggðir á Suðurlandi og sjófugla á Tjörnesi og í Grímsey. Fyrir rúmu ári talaði Ævar um Grímseyjarannsóknir sínar á fundi hjá Fuglaverndarfélaginu.

Fuglalíf í Papey (26. október 1982)

Flestir þekkja Papey aðeins af afspurn, því að þangað hefur verið fáfóruft alla tíð. Hún var eina eyjan við Austurland sem var í samfelldri byggð og þótti vel til búskapar fallin, landmikil og hlunnindarík. Landslag er fjölbreytt í papey, og votlendi víðáttumeira en í flestum úteyjum hér við land. Búskapur árlangt lagðist af um miðja þessa öld, en síðasti ábúandinn hefur haft þar

sumardvöl. Afar lítið hefur birst á prenti um fuglalíf Papeyjar (sjá þó Árbók Ferðafélags Íslands 1955), enda eru fuglamenn næsta fátíðir gestir í cynni. Þorsteinn Einarsson hefur komið þangað tvisvar sinnum, og á fundinum hjá Fuglaverndarfélaginu sagði hann frá athugunum sínum, 13.-14. júlí 1961.

Í Papey er talið að verpi um 26 fuglategundir, en allmargar að auki eru tíðir gestir. Eins og í öðrum úteyjum setja sjófuglarnir mestan svip á fuglalífið. Helstu varpfuglar og áætlaður fjöldi para árið 1961 var sem hér segir: fyll (300 pör), grágæs (10), æður (600), langvía eða langví á papeysku (1500, þar af "hringví" 9,7%), stuttnefja eða stuttví (150), álka (200), teista (400), lundi (30000), silfurmafur (50), svartbakur (20), rita (10000) og kría (2000). Auk þess verpa þar flestir algengir vað- og spörfuglar, þó vantar lóupræl, spóa og skógarþröst. Meðal sjaldgæfra fugla sem sést hafa í Papey er gargönd, og kringum 1925 náðust tveir fuglar úr holu sem álitnir voru stormsvölur. Þegar Þorsteinn var þar á ferð 1961 sá hann hvorki sæsvölur né skrofur.


Dúntekja hefur dregist mikið saman í Papey á þessari öld, var 40-50 kg í byrjun hennar, en um 10 kg 1950. Ritu, langvíu og lunda hefur fjölgað. Ein athyglisverðasta ritubyggð landsins er í Hrafnabjörgum, og óvída gefst betra tækifæri til að fylgjast með háttum þessarar tegundar.

Allir sjófuglar voru nýttir á einn eða annan hátt í Papey, en þegar leið fram á þessa öld dró verulega úr þessum nytjum sökum manneklu. Veiditæki voru háfur, skaftsnara úr hrosshári, tvær stærðir grefla og lundapálar, en hvorki net né flekar voru notaðir við fuglaverðun í Papey.

Papey er á Náttúruminjaskrá, og er þess vonandi ekki langt að biðja að friðlýsing eyjarinnar nái fram að ganga.

Eldey (10. desember 1982)

Í ágúst 1982 fór 18 manna hópur út í Eldey. Í þetta sinn hafði tilskilinna leyfa verið aflað, en sumarið 1971 fóru nokkrir



Geirfugl sem náðist við Ísland um 1821, nú í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ljós. Skúli Magnússon.

Vestmannaeyingar þangað í heimildarleysi. Yfirlýstur tilgangur fararinnar var að gera kvikmynd um eyna, safna bergsýnum og merkja súluunga. Fulltrúi Náttúruverndarráðs í ferðinni var Hjálmar R. Bárðarson. Mun hann vera elsti maður sem klifið hefur Eldey og jafnframt eini Náttúruverndarráðsmaðurinn sem þangað hefur komið. Á fundinum hjá Fuglaverndarfélaginu sagði Hjálmar frá förinni og sýndi myndir frá eyinni og súlubyggðum í Vestmannaeyjum. Hann minntist einnig síðustu geirfuglanna og á sögu geirfuglabbyggða á skerjum úti fyrir Reykjanesi. Sker þessi voru upphaflega kölluð einu nafni Eldeyjar, enda sum orðin til við eldsumbrot á sögulegum tíma. Síðar festist samheitið Fuglasker við þau, en Eldeyjar varð samheiti á Eldey og Eldeyjarðrangi. Helstu varpstöðvar geirfuglanna voru Geirfuglasker sem lágu u.þ.b. helmingi utar en

Eldey, um 30 km frá Reykjanestá. Þeir hafa sennilega líka orpið í Geirfugladrangi sem var aðeins utar. Þessi sker hurfu við eldsumbrot árið 1830, og hefur það eflaust flýtt fyrir endalokum geirfuglanna hér við land. Leyfarnar af varpstofninum höfðust við í Eldey sem hentaði þó ákaflega illa fyrir geirfugla. Hinir síðustu (par) voru drepnir þar hinn 3. júní 1844 og hamir þeirra sennilega seldir til útlanda. Skrokkarnir voru varðveittir í spíritus og sendir til Kaupmannahafnar.

Þorsteinn Einarsson tók síðan til máls og rakti sögu Eldeyjar. Eyjan var einskis manns land, og munu hvorki kirkjur né einstakar jarðir hafa gert tilkall til hennar. Geirfuglasker heyrðu hins vegar undir kirkjur, enda nytjuð frá fornu fari. Um það leyti sem súlnatekja hófst í Eldey í lok síðustu aldar var hún lögð undir landssjóð. Eldey var klifin

einhvern tíma fyrr á öldum, en Hjalti Jónsson og félagar eru þeir fyrstu sem komust upp á eyna svo sögur fari af, 1894.

Um 1890 voru erfið ár í Vestmannaeyjum, og mun það hafa ráðið mestu um að Hjalti og félagar lögðu á sig för til Eldeyjar. Súluungar, sem vógu 3-4 kg, voru á þessum árum seldir á 40-50 aura, en stóðu í 5 kr við lok Eldeyjarferða 1939. Súlnatekja í Eldey var rekin eins og hvert annað fyrirtæki frá 1909 eftir að Hjalti ásamt 5 mönnum öðrum tók eyjuna á leigu af landsssjóði til 30 ára. Á árunum 1910-1938 var farin 21 ferð í Eldey og öfluðust að meðaltali 3257 súluungar. Í samningnum við landsssjóð var vinnsla súlnadrita undanskilin. Árið 1904 tók Chr. Gram eyna á leigu. Hugðist hann vinna fugladrit og selja útlendingum dýru verði til áburðar. En vegna lögunar Eldeyjar safnast dritið ekki fyrir, og varð því ekki úr vinnslu.

Árið 1937 var Eldey leigð Suðurnesjamennum til 40 ára. Munu leigutakar ekki einungis hafa ætlað sér að nýta ungann, heldur líka fullorðna fuglinn, og þá til refafóðurs. Síðast var farið til súlna í Eldey sumarið 1939 (2 ferðir). Sú seinni var farin af Vestmannaeyingum, og lentu þeir í miklum hrakningum. Í kjölfarið hófst nokkur umræða í blöðum, m.a. í Dýraverndaranum þar sem Magnús Björnsson, fuglafræðingur, lagði til að Eldey yrði friðuð. Það var svo gert með lögum árið 1940, og síðar var Eldey lýst friðland. Bannað er að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs, og ekki má hafa hana að skotmarki eða skjóta nær henni en 2 km.

Súlur hafa verið taldar alloft í Eldey, fyrst árið 1939, fyrir forgöngu breskra fuglafræðinga, og síðast árið 1977. Til eru áætlanir um súlnafjölda frá fyrri tímum sem byggja aðallega á ungatekju. Hjalti Jónsson áætlaði 10 þús. pör á fyrstu árum Eldeyjarferða. Aðrir komust að svipuðum niðurstöðum, og þegar talið var árið 1939 reyndust hreiðrin vera 9328 (8700 uppi, 628 utan í). Það er því hugsanlegt að súlnatekja um 40 ára skeið hafi ekki gengið á varpstofninn, en e.t.v. lómið í veg fyrir fjölgun. Síðari heildartalningar byggja á flugmyndum. Samkvæmt þeim fjölgaði súlunni fram yfir 1950, en varpstofninn hefur staðið í stað síðan um 1960. Þá urpu þar 16300 pör (13900 uppi). Flatarmál Eldeyjar er um 10500 fermetrar og hefur verið áætlað að ofan á henni sé rúm fyrir um 17 þús. hreiður, svo sennilega er hún nær

fullsetin. Eldey er langstærsta súlubygð við Ísland og fimmta stærsta í heimi.


Á fundinum hjá Fuglaverndarfélaginu kom fram að cithvað af súluungum flækist í neta- og línuðræsur sem fuglarnir bera í hreiðrin. Einn fundarmanna taldi brýnt að heimsækja súlubygðir árlega og losa ungana úr þrísundinni. Hvorugur framsögumanna taldi ástæðu til að fara slíkar ferðir. Það var skoðun Þorsteins að mun fleiri ungar myndu farast vegna umgangs manna í súlubreiðunum. Hjálmar sagði að fjöldi unga sem flækst hefði í dræsnum væri mjög ýktur í fréttalutningi af Eldeyjarleiðangrinum, en nokkrir ungar voru skornir lausir. Hann taldi fjarstæðu að þessi heimsókn 18 manna í Eldey hefði haft nokkur varanleg áhrif á súlubygðina, þótt tímabundinnar truflunar hafi gætt meðan dvalið var í eyinni.

Þorsteinn benti á að athuganir á súlu og myndatökur ættu að fara fram þar sem unnt er að athafna sig án þess að þurfa að ferðast um sjálfar byggðirnar, og mun Karlinn við Langanes einna best til slíks fallinn. Hjálmar var sammála Þorsteini í því að ástæðulaust væri að fara út í Eldey til að ná myndum af einstökum súlum. Sérstæða Eldeyjar er fólgin í fuglamergðinni og hún hefði nú bæði verið kvikmynduð og ljósmynduð. Þá hefðu verið merktir það margir súluungar í þessari ferð (600) að varla væri ástæða til að gera annan leiðangur fyrst um sinn.

Um sjófugla í Látrabjargi og víðar (24. febrúar 1983)

Í fyrirlestri sínum gaf Arnþór Garðarsson lauslegt yfirlit um helstu sjófuglabygðir hér við land og tengdi staðsetningu þeirra við átuskilyrði. Langstærstu byggðirnar eru á vesturhelmingi landsins, í Vestmannaeyjum og á Vestfjörðum. Fuglar frá þessum stöðum kunna að leita ætis í landgrunnsbrúninni, á sömu slóðum og stórhvalaveiðar okkar fara fram.

Arnþór brá upp myndum af helstu sjófuglabygðum á Vesturlandi, frá Eldey í suðri að Látrabjargi í norðri. Fyrirlesturinn fjallaði annars einkum um Látrabjarg og þær rannsóknir sem Arnþór og líffræðistúdentar hafa stundað þar frá 1979. Megintakmark rannsókna er að finna aðferðir til þess að telja í stóru björgunum þar sem hefðbundin vinnubrögð hrökkva ekki til. Nauðsynlegt er að



Í Látrabjargi er langstærsta álkubyggð í heimi. Ljós. Anders Mosbeck.

slíkar talningar séu endurtakanlegar, án alltof mikils tilkostnaðar og innan sæmilegra öryggismarka. Í Látrabjargi hefur verið þróuð nýstárleg aðferð við að meta fjölda fugla, s.k. umferðartalning. Við Bjargtanga er tiltölulega auðvelt að telja svartfugla sem fljúga hjá á leið sinni frá átusvæðum inn í bjargið. Þessar talningar gefa heildarfjölda fugla sem ferðast um á degi hverjum. En til að meta ferðafjöldann var notast við merktta fugla. Að meðaltali voru fuglarnir 17 tíma í hverri ferð. Þegar ferðatíðni og heildarfjöldi fugla sem flýgur inn í bjargið á hverjum sólarhring er þekktur er hægt að reikna út hve margir einstaklingar eiga í hlut. Hlutfall hverrar tegundar er svo fengið með talningarúr-tökum í bjargi og á flugi. Heildarfjöldi svartfugla í Látrabjargi er samkvæmt framan-sögðu rúmlega 2 milljónir einstaklingar, þar af eru 7-800 þús. álfur, álfka mikið af langvíum og um 500 þús. stuttnefjur. Þorsteinn Einars-son hafði áður metið fjölda stuttnefju og langvíu og komist að svipuðum niðurstöðum, en tölur hans eru þó ívið hærri. Álkubyggðin í Látrabjargi er sú langstærsta í heimi. Þar verpur einnig geysimikið af fyl, mikið af lunda og ritu, en minna af hvítmáfi, topp-

skarfi og fleiri sjófuglum. Fæða fullorðinna svartfugla í bjarginu virðist vera mestmegnis krabbadýr, sandsíli og smokkfiskur, en ungarnir eru fódraðir á sandsíli. Skýtur þetta nokkuð skökku við fullyrðingar ýmissa að nytjafiskar okkar séu í bráðri hættu vegna seiðaáts þessara tegunda.

Kvikmynd um fuglalíf á Mývatni (29. mars 1983)

Undanfarin sex ár hefur Magnús Magnússon unnið að gerð kvikmyndar um fuglalíf á Mývatni. Hefur hann dvalist samtals í um eitt ár nyðra við myndatökur, jafnt sumar sem vetur. Magnús framfleytir sér annars með trésmíðum og fjármagnar kvikmyndagerð sína að mestu leyti sjálfur. Vinnueintakið sem Magnús sýndi hjá Fuglaverndarfélaginu var rúmlega helmingi lengra en fyrirhuguð Mývatnsmynd sem ráðgert er að verði tæpur hálf tími í endanlegri útgáfu. Magnús hefur greinilega úr nógu efnivið að móða enda mun hann hafa eytt allt að hálfum mánuði til að ná atriðum sem aðeins munu taka nokkrar sekúndur í sýningu.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson tók saman.

Endurheimtur merktra fugla

Eins og mörgum er kunnugt, stendur Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir merkingum á villtum fuglum á Íslandi. Árangur er undir því kominn, að þeir sem finna merktu fugla komi upplýsingum um þá á framfæri við stofnunina. Þetta gildir einnig um erlend merki, enda alþjóðlegt samstarf um skipti á upplýsingum um merktu fugla.

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja endurheimtum fuglum eru þessar: (1) Frá hvaða landi merkið er, (2) númerið á merkinu, (3) hverrar tegundar fuglinn er talinn vera, (4) hvar fuglinn er fundinn, (5) hvenær hann fannst, (6) hvort hann fannst dauður, vængbrotinn, var skotinn eða annað sem við á, (7) nafn finnanda, heimilisfang og sími, einnig tilkynnanda, sé hann ekki sami og finnandi, (8) senda merkið og helst fuglinn, verði því við komið.

Fuglamerkingar veita mikilvægar upplýsingar um lífnaðarhætti fugla. Upplýsingar um endurheimtur fugla eru glataðar, nema þeim sé komið til rétttra aðila. Þetta á einnig við um gömul merki sem ekki hefur verið tilkynnt um, því betra er seint en aldrei.

*Ævar Petersen,
Náttúrufræðistofnun Íslands,
Pósthólf 5320,
125 Reykjavík.
Sími (91)-15487*

Ritfregn

Fuglar

*Rit Landverndar 8
Ritstj. Arnþór Garðarsson
Reykjavík 1982
216 bls.
Verð: 353 kr.*

FUGLAR er annað af tveimur samstæðum ritum, sem Landvernd hefur gefið út sem framlag samtakana og Náttúruverndarráðs til kynningarátaks Evrópuráðsins um villt dýr og plöntur og heimkynni þeirra. Hitt ritið nefnist VILT SPENDÝR (ritstj. Árni Einarsson) og verður fjallað um það á öðrum vettvangi.


Rannsóknir á fuglum hafa verið talsverðar á undanförnum áratugum, en hafa eflst mjög í seinni tíð. Í ritinu eru heimildaskrár yfir nær öll meiri háttar rit um íslenska fugla, og auk þess er getið margra erlendra rita. Mikill fengur er að þessum ritskrám, sem gera áhugasömum lesendum kleift að leita sér frekari fróðleiks um fugla. Aftast í bókinni er einnig atriðaorðaskrá. Ritið er prýtt fjölda ljósmynda, bæði litmynda og svart-hvítra af 65 tegundum fugla.

Sjö höfundar skrifa greinar í ritið, hver um sitt sérsvið. Greinarnar eru skrifaðar á alþýðlegu máli, þannig að allir ættu að skilja þær. Höfundar gera allir góða grein fyrir líffræði fugla á Íslandi, eins og hún er þekkt nú.

Í inngangi fjallar Arnþór Garðarsson um samskipti fugla og manna hér á landi, hvernig nýttjar hafa breyst, en fuglaveiðar eru nú orðnar að meiri sportmennsku en áður var. Sérstakur kafli er um svonefnda vargfugla, en það eru þeir fuglar sem taldir eru valda skaða á hlunnindum manna. Oft er hér verið að hengja bakara fyrir smíð. Halda mætti að tillögur um útrýmingu máfa og annarra "varga" séu gerðar til að skapa fleiri atvinnutækifæri í sumum byggðalögum, en ekki til að takast á við vandamálið á raunhæfum hátt. Það er einnig ljóst að fáir hafa farið jafn illa með landið og þeir sem yrkja það. Fjáraustur í framræslu myra og "uppgræðslu" þeirra hafa breytt búsvæðum fjölda votlendisfugla. Fyrir bragðið hefur fuglalíf orðið fátæklegra, og landnýtjar hafa oft á tíðum ekki aukist þrátt fyrir þessar framkvæmdir.

Í grein Ævars Petersen er stofnstærðir sjófugla áætlaðar, skýrt frá útbreiðslu þeirra og lífnaðarháttum. Sjófuglar eru stærstu fuglastofnar við Ísland, auðlind, sem við megum ekki eyðileggja. Grein Ævars er ítarleg, og í henni eru miklar upplýsingar.

Ritgerð Agnars Ingólfssonar um máfa, kjóa og skúma er ekki eins ítarleg. Ég geri ráð fyrir að Agnar búi yfir miklu meiri þekkingu um þessa fugla, en hann skýrir frá í grein sinni. Greinin er góð eins langt og hún nær, en hann hefði t.d. mátt skýra betur frá kynblöndun hvítmáfs og silfuramáfs og rannsóknnum á stofnferli máfa, sem hann hefur unnið að. Einnig fannst mér dæmið sem hann notar um stofnferlið nokkuð flókið, og hefði mátt gera það einfaldara með skýringarmynd.



Svarbakur er sums staðar til mikilla nytja, þótt ýmsir finni honum margt til foráttu. Ljósm. Erling Ólafsson.

Arnþór Garðarsson skrifar greinar um andfugla og aðra vatnafugla, og um rjúpunna. Útskýrir hann á auðskilinn hátt stofnsveiflur þessara tegunda og orsakir þeirra. Rjúpuritgerðin ætti að vera skyldulesning veiðimanna og landeigenda, en landeigendur hafa í seinni tíð reynt að meina þéttbýlingum veiðar á afréttum landsins undir því yfirskeyni, að þeir væru að vernda ofveiddan rjúpustofn. Ástæðan er líklega sú, að þeir vilja gera rjúpnaveiði að forréttindum, þar sem veiðileyfi verða seld eins og í laxaveiðiárnar.

Árni Waag Hjálmarsson skrifar um vaðfugla. Ritgerðin ber ekki hið sama þurra "vísindalega" yfirbragð og hinar ritgerðirnar, og leyfir Árni sér að skrifa hressileg lokaorð.

Kjartan G. Magnússon og Ólafur K. Nielsen rita um ránfugla og uglur. Mest er vítað um líffræði fálka og arnar, en minna um smyrl og uglur. Ekki er vanþörf á að afla frekari vitneskju um þessa fugla og auka skilning manna á að gengið sé um óðul þeirra með gætni.

Spörfuglunum eru gerð skil af Kristni Hauki Skarphéðinssyni, og leitar hann víða heimilda, m.a. um sögu fuglafriðunarlaganna. Sérstakur kaflí í ritgerðinni er um hrafnninn og þann tvískinnung sem einkennt hefur álit manna á honum. Framámenn í landbúnaði og sjávarútvegi hafa hann enn að skotspæni, þó að komið hafi fram í skýrslu, sem menntamálaráðuneytið lét gera, að skaði af hrafninum er óverulegur.

Ritstjóri ritsins hefur unnið mjög gott starf í að samræma texta og uppröðun efnis. Fáar prentvillur eru í bókinni, en myndatextar hafa ruglast á einum stað (bls. 73). Allar myndir utan tvær (bls. 27 og bls. 151) hafa prentast vel. Ritstjóri, höfundar og Landvernd eiga þakkir skildar fyrir útkomu bókarinnar, og um leið vil ég hvetja alla að lesa hana. Hún á erindi til allra áhugamanna um náttúru Íslands.

Gísli Már Gíslason, Líffræðistofnun háskólans.

EFNI

Fylgt úr hlaði	1
Kristinn Haukur Skarphéðinsson: Fuglalíf í Hvannalindum	2
Ævar Petersen: Óvenjuleg brandugluganga	12
Gunnlaugur Pétursson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1981	17
Erling Ólafsson: Fjallalævirki sést á Íslandi	40
Gunnlaugur Pétursson: Silkitoppur haustið 1981	41
Erling Ólafsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson: Akurgæsir á villigötum	43
Arnþór Garðarsson: Austræn blesgæs í fyrsta sinn á Íslandi	46
Fuglaverndarfélag Íslands	47
Fræðslufundir Fuglaverndarfélags Íslands 1982–1983	48
Endurheimtur merktra fugla	52
Ritfregn	52